



SKOÐUN Krónan nýtur ekki trausts heimafyrir, segir Þorvaldur Gylfason. **21**



TÍMAMÓT Kristbjörg Kjeld fagnar áttæðisafmæli sínu í Valencia. **24**



LÍFIÐ Glæsileikinn var í fyrirrúmi þegar Grímuverð-launin voru afhent. **36**



SPORT Þróttur er eitt heitasta lið landsins og situr á toppi 1. deildar. **40**

REIKNADU DÆMIÐ á 365.is

365.is | Sími 1817

365

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
18. júní 2015
141. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðastöðunni Lausneti Gallup apríl-júní 2014

FRÉTTIR



Seðlabanki Grikklands varar við mögulegu gjaldproti

Fátt virðist benda til að samkomulag náist um aðstoð handa gríska ríkinnu. Fulltrúar ESB segja gríska forsætisráðherrann greina fólki sínu rangt frá samningaviðræðum. **18**

Mótmæla styrkjum Kvenréttindafélag Íslands mótmælir ákvæðum þingsályktunartillögu um að helmingur fjárveitinga úr Jafnréttissjóði renni til kvenna í þróunarlöndum. **2**




Styrktarfé ABC fryst Fimmtán milljóna króna styrkur utanríkisráðuneytisins til ABC barnahjálpar hefur verið frystur meðan deilur standa milli ABC á Íslandi og í Kenía. **6**

Hopp bætur árangur Dönsk rannsókn sýnir að nemendum gengur betur að læra margföldunartöluna ef þeir hoppa á meðan þeir þylja hana. **14**



SÉRBLAÐ FÓLK



YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalbestur á tölublað 12-80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.-mar. 2015



ÁTÖK VIÐ ALPINGI „Þetta var alveg frábært og fullt af fólki,“ segir skyldingakappinn Birgir Ingbergsson um skyldingasýningu á Austurvelli í gær. Félagar í Einherja, víkingafélagi Reykjavíkur, sýndu landsmönnum listir sínar. „Við vorum þarna fyrst og fremst til þess að sýna okkar list á 17. júní. Við vorum samt eiginlega bara að leika okkur og hafa gaman.“ Víkingarnir tóku við þegar mótmælum og dagskrá á vegum Alþingis sleppti. Sjá síður 4 og 16

Flestir vilja spítala fyrir fé kröfuhafa

Meira en tveir af hverjum þremur svarendum telja rétt að nýta hluta af fé frá kröfuhöfum til þess að byggja nýjan spítala. Varaformaður fjárlaganefndar segir gott að fólk vilji forgangsraða í þágu grunnþjónustunnar og byggja spítala.

EFNAHAGSMÁL Meira en tveir af hverjum þremur svarendum, sem afstöðu taka, telja rétt að nýr spítali verði byggður fyrir hluta þess fjár sem fæst vegna losunar haftanna. Þetta sýna niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Rétt tæplega þriðjungur svarenda vill ekki að hluti fjármunanna verði nýttur á þennan hátt.


Áætlað hefur verið að ef nauðasamningar verða samþykktir geti það skilað ríkissjóði allt að 650 milljörðum króna. „Það er mikill vilji til þess að byggja nýjan spítala og ég tel að fólk líti á það sem forgangsmál. Og það er mjög gott,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis og fyrrverandi heilbrigðisráðherra, um niðurstöður könnunarinnar. Guðlaugur Þór segir aftur á móti að það verði að nýta fjármunina, sem fást úr aðgerðunum við að aflétta höftunum, til að lækka skuldir. Niðurstöður könnunarinnar sýna að 57 prósent aðspurðra vilja að hluti fjármunanna verði nýttur til að byggja nýjan spítala, 25 prósent vilja ekki að hluti

fjármunanna verði nýttur í það, 17 prósent eru óákveðin í afstöðu sinni og 2 prósent svara ekki. Þegar einungis eru skoðuð svör þeirra sem afstöðu tóku sést að 69 prósent eru fylgjandi því að hluti fjármunanna verði nýttur til þess að byggja spítala en 31 prósent er því andvíg. Guðlaugur Þór bendir á að ef fjármunirnir verða nýttir til þess að greiða niður skuldir þýði það að vaxtakostnaður ríkissjóðs lækki. „Við erum að tala um það að árlegur vaxtakostnaður getur lækkað um 30 milljarða, hugsanlega meira. Og það er nú bara helmingurinn af byggingarkostnaði við spítala.“ Guðlaugur telur það klárt mál að forgangsraða eigi í þágu þess að byggja upp grunnþjónustuna. „Og þetta er þá eitt þeirra verkfæra sem við eigum að forgangsraða í,“ segir hann. Könnunin var gerð þannig að



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

→ **Telur þú rétt að byggja nýjan spítala fyrir hluta fjárens, sem fæst vegna losunar haftanna?**



hringt var í 1.249 manns þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 15. og 16. júní. Svarhlutfallið var 64,2 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Hápolítísk endurspeglun:
Risakolkrabbi prýðir Lokastíg

FÓLK Edda Karólína Ævarsdóttir malar risakolkrabba á húsvegg við Lokastíg. Kolkrabbinn er barnabókaefniviður og hápolítísk endurspeglun á samfélaginu. „Þetta kolkrabbaríki, þar sem fáar ættir taka yfir allt og teygja anga sína býsna langt,“ segir hún. -ga / sjá síðu 46



EDDA KARÓLÍNA ÆVARSDÓTTIR

KRÓNAN

Nú stærri og safameiri

Heitt og klárt

Heill grillaður kjúklingur og 2 lítrar af Coca-Cola*

1499 kr. tvönnan

*Þú velur Coca-Cola, Coca-Cola light eða Coca-Cola zero

VEÐUR



Á morgun verður vestlæg eða breytileg átt, 3 til 8 metrar á sekúndu. Það verður skýjað og smávegis rigning nokkuð víða. Hiti 8 til 14 stig. Á Suðausturlandi gæti sést til sólar og þá ætti hiti að ná 18 stigum þar.

SJÁ SÍÐU 28

Sýnataka HNE sýnir 800 falt magn saurkólígerla í Pollinum á Akureyri: Pollurinn „iðar“ af saurgerlum

HEILBRIGÐISMÁL Sýni tekin úr Pollinum á Akureyri þann 8. júní síðastliðinn sýna alvarlega stöðu. Í vikinni við flotbryggju Siglingaklúbbsins Nökkva mældist 800 falt meira magn saurgerla en leyfilegt er samkvæmt viðmiðunarmörkum. Leyfilegt magn saurgerla er 100 bakteríur í hverjum 100 millilítrum af sjó þar sem útvistarsvæði eru í grennd. Í vikinni mældust 79.000 saurkólíabakteríur. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra sinnir sjó-sýnatökum sem þessum og ákvæð

að taka önnur sýni þann 12. þessa mánaðar til að vakta ástandið. Von er á niðurstöðum úr þeim um helgina.

„Það er því ljóst að ástand sjávar við flotbryggjur Nökkva hefur verið algerlega ófullnægjandi með tilliti til útivistar. Heilbrigðiseftirlitið beinir þeim tilmælum til forvarsraðsmanna Siglingaklúbbsins Nökkva og almennings að forðast sjóböð og busl í vikinni þar til niðurstöður liggja fyrir um annað,“ segir í tilkynningu eftirlitsins. -sa



Í KAJAK Á POLLINUM Heilbrigðiseftirlitið beinir þeim tilmælum til fólks að vera ekki að busla í pollinum við Siglingaklúbbinn Nökkva. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Góð skráning í Suzuki-hlaup: Metfjöldi erlendra hlaupara

SAMFÉLAG Skráðir erlendir hlauparar í hið árlega Miðnæturhlaup Suzuki eru 566 talsins sem er nýtt met. Fjórutíu og sex þjóðir hafa nú skráð sig til leiks. Flestir erlendu þátttakendurnir koma frá Bandaríkjunum eða 174, næstflestar frá Bretlandi eða 142. Þá eru fimmtíu Kanadamenn skráðir í hlaupið.

Hlaupið fer fram í tuttugasta og þriðja sinn í Reykjavík 23. júní og hafa rúmlega þúsund manns skráð sig. Það eru 27 prósent fleiri en á sama tíma í fyrra. -ngy



MÓTMÆLI Íbúar Hong Kong eru mishrífir af fyrirhuguðum breytingum á lýðræði í sjálfstjórnarhéraðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Mikill ágreiningur vegna fyrirhugaðra laga í Hong Kong:

Stríðandi fylkingar við mótmæli

HONG KONG Fjölmennt hópur mótmælenda safnaðist saman fyrir utan þinghúsið í Hong Kong í gær. Mótmælir eru til komin vegna þess að þingið kys í vikunni um ný lög sem myndu gera íbúum Hong Kong kleift að kjósa sér leiðtoga en Hong Kong nýtur töluverðs sjálfstæðis sem sjálfstjórnarhérað innan Kína. Skilyrði þeirra kosninga yrði þó að Kínverjar þyrftu að samþykkja öll framböð sem bærust, án samþykkis þeirra fengi viðkomandi ekki að bjóða sig fram.

Tvær fylkingar mótmæla nú. Annars vegar þeir sem hlynntir eru breytingunum og hins vegar fylking sem finnst breytingarnar ekki nægar og kallar þær gervilyðræði. -þea

Dýr til vandræða í Tíblisi: Skutu tígrisdýr sem drap mann

GEORGÍA Lögregla í Tíblisi, höfuðborg Georgíu, skaut í gær tígrisdýr sem slapp úr dýragarði í borginni í gríðarmiklu flóði um helgina. Dýrið hafði orðið manni að bana og sært annan.

Lögreglan í borginni hefur verið sökuð um að drepa að öþörfu dýr sem slappu um helgina. Lögreglumennirnir sem skutu tígrisdýrið segja þó að það hafi ekki verið möguleiki á að nota deyfibyssu.

Að því er The Guardian greinir frá hafa alls tuttugu borgarþáttar látið lífið vegna hamfaranna og að minnsta kosti sex til viðbótar eru saknað. -ba

Smábátæigendur ósáttir: Óánægðir með störf ráðherra

SJÁVARÚTVEGSMÁL Landssamband smábátæigenda lýsti í gær yfir fullkomnu vantrausti á störf Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra.

Sambandið kveðst óánægð með ákvæði í makrílfrumvarpi ráðherrans, en þar er gert ráð fyrir að hlutur smábáta við makrílveiðar verði festur við fimm prósent. Samkvæmt frumvarpinu yrði bátum úthlutað makrílkvóta út frá veiðireynslu. Sambandið segir fyrirsjáanlegt að kvótasetning myndi einungis gagnast fáum en stór hluti flotans myndi standa eftir með ónýtta fjárfestingu. -þea

Mótmæla styrkjum til þróunaraðstoðar

Kvenréttindafélag Íslands mótmælir ákvæðum þingsályktunartillögu sem kveða á um að helmingur Jafnréttissjóðs eigi að renna til kvenna í þróunarlöndum. Formenn stjórnarflokkanna breyttu þingsályktunartillögunni eftir gagnrýni félagsins.

ALÞINGI „Þessir málaflökkar eru báðir svo mikilvægir að þeim er enginn greiði gerður að hafa þá samankrullaða í einum sjóð,“ segir Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands. Félagið gagnrýndi harkalega þingsályktunartillögu á Alþingi þess efnis að úr hundrad milljóna króna Jafnréttissjóði ætti allt að helmingur að renna til kvenna í þróunarlöndum.

Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar, formenn allra flokka á Alþingi, brugðust við gagnrýni Kvenréttindafélagsins með því að breyta þingsályktunartillögunni og gera orðalag hennar almennara.

Í stað þess að gert sé ráð fyrir að allt að helmingur renni til verkefna sem tengjast konum í þróunarlöndum er nú gert ráð fyrir að verulegur hluti renni til jafnréttismála á alþjóðavísu.

„Það var ákveðið í samstarfi flokkanna að gera ákveðnar breytingar sem mönnum þótti gera málið betra. Niðurstaðan var að hafa þetta aðeins öpnara þannig að það sé bara úrlausnarefni fyrir stjórnina sem er kjörin að velja bestu umsóknirnar,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna og meðflutningsmaður að tillögunni.

Í gagnrýni Kvenréttindafélagsins sagði meðal annars: „Það er óviðeigandi að á degi þegar við fögnum jafnrétti kynjanna á



KVENNABARÁTTAN 100 ár eru liðin frá því að konur fengu kosningarétt. Jafnréttissjóðurinn er stofnaður í tilefni þessara tímamóta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslandi [...] að stofnaður sé sjóður sem er með þeim reglum að allt að helmingur fjárveitinga falli til verkefna sem unnin eru utan landsteinanna.“ Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir segir að brýn verkefni biði í jafnréttismálum hérlandis. „Það hefur lengi verið þörf fyrir svona sjóð. Frjáls félagasamtök og kvennasamtök sem starfa að jafnréttismálum berjast í bókum á hverju ári við að fjármagna okkur. Bara það að hafa jafnréttissjóð sem við getum leitað til, til að styrkja okkar verkefni og okkar starfsemi, á eftir að verða verulega mikil búbot.“

Aðspurð um mikilvægi Kvenréttindafélagsins og sams konar félaga nú þegar ungar konur, sem ekki starfa undir neinum fána, halda kvenfrelsisbaráttunni á lofti segir Brynhildur: „Fjórða bylgja femín-

Frjáls félagasamtök og kvennasamtök sem starfa að jafnréttismálum berjast í bókum á hverju ári við að fjármagna okkur.

Brynhildur Heiðar og Ómarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands.

ismans er að skella á landinu. Þetta er yndislegt. Það hefur sýnt sig í gegnum söguna að svona bylting byrjar í grasrótinni en ef hún á að halda áfram þá verða félagasamtök að koma að henni.“

snaeros@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri NATO ósáttur við aukinn kjarnorkuviðbúnað Rússa: NATO eykur viðveru í Eystrasalti

EYSTRASALT Atlantshafsbandalagið (NATO) hefur uppi áætlanir um að auka viðveru herafila í ríkjum Eystrasaltsins, að því er fram kom í máli Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóra NATO, á blaðamannafundi í Sagan í Pólandi í gær. Yfirlýsingin kemur í kjölfar aukinnar spennu í samskiptum Vesturlanda og Rússa.



VLADIMÍR PÚTÍN

Þannig sagði Vladímír Pútín Rússlandsforseti á blaðamannafundi í Finnlandi á þriðjudag að ef NATO ógnaði svæðum Rússlands myndu stjórnvöld í Moskvu bregðast við því „með viðeigandi hætti“. Tilkynnt hefur verið um yfirgripsmiklar heræfingar NATO í og við Eystrasalt í þessum mánuði. Yfir fimmtán þúsund hermenn frá 22 löndum, 50 herskip og kafbátar og 50 orrustuflugvélar taka þátt í æfingum. Þá taka um sex þúsund hermenn til viðbótar frá sautján löndum þátt í heræfingum sambandsins í Rúmeníu og um tvö þúsund hermenn frá níu löndum taka þátt í heræfingum í Pólandi.



BLAÐAMANNAFUNDUR Í PÓLLANDI Í GÆR Jens Stoltenberg vill að NATO sé öllu viðbúið og heldur því hernaðaræfingar í mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Stoltenberg hefur sagt bandalagið bregðast með þessu við óstöðugleika sem myndast hafi í kringum athafnir Rússa.

Pútín upplýsti nýverið að Rússar ætluðu að taka um fjórutíu nýjar langdrægar eldflaugar í gagnið á þessu ári.

„Það að Rússar skuli ógna heiminum með kjarnorkuvopnum er óréttlæt看legt og hættulegt,“ sagði Stoltenberg í kjölfarið. -þea, óka

Indiska Iceland

Fallegar sumarvörur

Kringlan | 588 2300

INDISKA

100 ÁRA | KOSNINGARÉTTUR KVENNA Á ÍSLANDI

Dagskrá í Reykjavík 19. júní 2015

Óðinstorg, Hljómskálagarðurinn og Hallveigarstaðir kl. 11.00-14.00

- 11.00-11.40 Tónlistarhópurinn Náttól frá Hinu húsinu og Unnur Sara Eldjárn flytja lög eftir kventónskáld á Óðinstorgi.
- 12.00-13.00 Gjörningaklúbburinn við Perluvestina í Hljómskálagarði.
- 13.15 Ganga frá Perluvestinni í Hólavallakirkjugarði við Suðurgötu. Forseti borgarstjórnar, Sóley Tómasdóttir, leggur blómsveig á leiði Bríetar Bjarnhéðinsdóttur.
- 13.30 Opið hús á Hallveigarstöðum: *Félög kvenna fyrr og nú*. Ávörp, súpa og spjall. Formleg dagskrá hefst kl. 14.00.

Lækjargata ómar til heiðurs konum kl. 14.30-15.30

- 14.30 Söngfjlagið undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar syngur við Stjórnarráðið.
- 14.50 Nýlókórinn undir Snorra Sigfúsar Birgissonar flytur talverkið *Vatnsberann* eftir Hörpu Björnsdóttur við styttuna *Vatnsberann*.
- 15.10 Sönghópur úr Domus Vox undir stjórn Margrétar Pálmadóttur syngur við styttuna *Móðurást*.

Austurvöllur ómar til heiðurs konum kl. 15.00-16.00

Höfundarverk kvenna í öndvegi:

- 15.00 Karlakórinn Prestir undir stjórn Jóns Kristins Cortez.
- 15.20 Söngsveitin Fílharmónía undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar.

Skrúðganga frá Miðbæjarskóla að Austurvelli, safnast saman kl. 15.30, hefst kl. 15.45

Barnakór Vatnsendaskóla með íslenska fána leiðir göngu frá Miðbæjarskólanum inn á Austurvöll ásamt harmonikusveit stúlkna, félögum í Æskulýðssambandi Íslands, Æskulýðsvettvangnum og öðrum hátíðargestum.

ATHÖFN VIÐ AUSTURVÖLL KL. 16.00-17.00 (bein sjónvarpsútsending RÚV)

- Kórsöngur: *Vorlauf*, lag Hildigunnar Rúnarsdóttur við ljóð Þorsteins Valdimarssonar.
- Ávarp til æskunnar: Frú Vigdís Finnbogadóttir talar frá svölum Alþingishússins.
- Léttisveit Reykjavíkur undir stjórn Gísla Magna Sigríðarsonar frumflytur *Við gerum fagan neista að björtu báli*. Lag eftir Gísla Magna, ljóð eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur.
- Ávarp forseta Alþingis, Einars K. Guðfinnssonar, frá svölum Alþingishússins.
- Barnakór Vatnsendaskóla undir stjórn Þóru Marteinsdóttur syngur *Dómar heimsins dóttir góð*. Lag eftir Valgeir Guðjónsson, ljóð eftir Jóhannes úr Kötlum.
- Afhjúpun listaverks eftir Ragnhildi Stefánsdóttur. *Höggmynd af Ingibjörgu H. Bjarnason alþingismanni*, fyrstu konunni sem kjörin var til setu á Alþingi, afhjúpuð við Skála Alþingis. Gefendur eru:



- Léttisveit Reykjavíkur og Kvennakórinn Katla syngja *Áfram stelpur*. Texti eftir Dagnýju Kristjánsdóttur og Kristján J. Jónsson við lag eftir Gunnar Edander.

- Baráttuávarp, Friða Rós Valdimarsdóttir formaður Kvenréttindafélags Íslands. Tónlist.

Kynnir er Þórunn Lárusdóttir leikkona.

Ráðhús Reykjavíkur kl. 17.00

- *Með eld í brjósti*. Gjörningur Elínar Önnu Þórisdóttur og Hörpu Rúnar Ólafsdóttur. Kvennakórinn Katla syngur undir stjórn Lilju Daggar Gunnarsdóttur og Hildigunnar Einarsdóttur.
- Söngflokkurinn Áfram stelpur flytur nokkur lög af plötunni *Áfram stelpur*.
- Leiklestur úr *Lokaæfingu* eftir Svövu Jakobsdóttur. Nanna Kristín Magnúsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson leikarar flytja.
- Verðlaun afhent í smásagnasamkeppni Soroptimista vegna 100 ára afmælisins.
- Unnur Sara Eldjárn syngur og leikur eigin lög.

Dagskrá á vegum Ungra feminista í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 13.00-17.00

Guðsþjónusta kl. 20.00

Kvennamessa Kvennakirkjunnar á Klambatúni.

Höfundur óþekktur - tónleikar í Hörpu kl. 20.30

Tónleikar KÍTÓN og framkvæmdanefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Pema: Höfundarverk kvenna - kynjasnúningur og endurkoma. Tónleikunum er sjónvarpað beint á RÚV.

Opnun sýninga kl. 15.00 og 17.00

- 15.00 *Hvað er svona merkilegt við það? - Störf kvenna í 100 ár*. Sýningin opnuð í Þjóðminjasafninu.
- 17.00 *Tvær sterkar*. Sýning á verkum Júlíönu Sveinsdóttur og hinnar færeysku Ruth Smith opnuð á Kjarvalsstöðum.

Allan daginn - sýningar um bæinn kl. 08.00-19.00

- 08.00-19.00 *VERA:KVEN:VERA*. Innsetning Guðrúnar Sigríðar Haraldsdóttur í Ráðhúsi Reykjavíkur.
- 09.00-17.00 *Vér heilsum glaðar framtíðinni*. Sýning í Þjóðarbókhöfðu.
- 10.00-17.00 *Hjáverkin - atvinnusköpun kvenna í heimahúsum*. Sýning í Árbæjarsafni. Aðgangur ókeypis og leiðsögn um þátt kvenna í öllum húsum safnsins kl. 11.00 og 14.00.
- 11.00-18.00 *Ásýnd kvenna við upphaf kosningaréttar 1915*. Sýning Borgarskjalasafns Reykjavíkur í Grófarhúsi.
- 11.00-18.00 *Sjókonur. Sjósókn íslenskra kvenna í fortíð og nútíð*. Sýning í Sjóminjasafninu.

Hluti viðburða er í samstarfi við Reykjavíkurborg, söfnin í borginni, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands og Kvennakirkjuna.

Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna

Hátíðahöld verða víða um land 19. júní, sjá dagskrá á hverjum stað á vefslóðinni:

www.kosningarettur100ara.is

SPURNING DAGSINS



Er allur vindur úr ykkur?

„Loftið í Pingeyingum er óþrjúgandi auðlind.“

Kristján Þór Magnússon er bæjarstjóri Norðurljósa þar sem bæjarráð fjallar á næstunni um hugmyndir um vindorkugarð.

Rennsli Skaftár hefur aukist mikið síðasta sólarhring og telur Veðurstofa Íslands hlaup hafið í ánni: **Veðurstofa varar við líklegu Skaftárhlaupi**

NÁTTÚRUVÁ Veðurstofa varaði við líklegu Skaftárhlaupi í gær. Í tilkynningu frá Veðurstofu kom fram að rennsli Skaftár við Sveinstind hafði aukist mikið síðasta sólarhring og þá verið 150 rúmmetrar á sekúndu. Rafleiðni árinna hafði aukist í takt. Þær athuganir þýða að Skaftárhlaup sé mjög líklega hafið.

„Hlaupið kemur líklegast úr vestari Skaftárkatlinum, sem síðast hljóp úr í janúar 2014. Það fæst ekki staðfest fyrr en með sjónrænni athugun úr flugi yfir katlana,“ sagði í tilkynningunni.

Veðurstofa sagði að upplýsa þyrfti almenning og ferðamenn um mögulega náttúruvá.

Flóðaðstæður myndu ríkjia við bakka Skaftár næstu daga, því væri mögulegt að áin flæddi yfir vegi sem liggja nærri árbökkunum.

Þá bæri einnig að varast að fara nærri Skaftárjökli, Tungnárjökli og Síðujökli sökum þess að brennisteinsvetni bærast með hlaupvatninu þegar það kæmi undan jökli. Styrkur brennisteinsvetnisins er svo mikill að það gæti skadað slímhúð bæði í augum og öndunarvegi.

Að lokum varar Veðurstofa ferðafólk við því að koma nærri kötlunum sem og jöðrum fyrrnefndra jökla þar sem sprungur gætu myndast hratt í kringum ketilinn og þá gæti hlaupvatn brotið sér leið upp á yfirborðið.

**HLAUP** Líklegt er að Skaftárhlaup sé hafið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Segir mótmælin endurspegla ástand sem bregðast verði við

Fjölmenni var saman komið á Austurvelli í gær, á þjóðhátíðardegi Íslendinga, í þeim tilgangi að mótmæla sitjandi ríkisstjórn. Skiptar skoðanir eru um tímasetningu mótmælanna. Eru ýmist sögð gleðispillir barna eða viðeigandi.

STJÓRN MÁL „Að mótmælin hafi verið þennan dag endurspeglar ákveðið ástand sem verður að bregðast við. En þetta setti svip á háttina, því miður,“ segir Dagur um mótmæli sem áttu sér stað á Austurvelli í gær, þann 17. júní, á þjóðhátíðardegi Íslendinga.

Fjölmenni var saman komið á Austurvelli í gær, margir til að mótmæla sitjandi ríkisstjórn en aðrir til þess að fagna deginum.

Mótmælin hófust klukkan ellefu, rétt áður en hátíðardagskrá hófst þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flutti ávarp til þjóðarinnar.

**DAGUR B. EGGERTSSON**

Dagur B. Eggertsson var staddur á Austurvelli þegar mótmælin stóðu hæst. „Þetta var mjög sérstakt og ég man ekki eftir þessu áður,“ segir

Dagur og bætir við að virða þurfi mótmælarétt fólks.

Viðstaddir héldu á lofti rauðum mótmælaspjöldum og hróp- uðu ítrekað í kór „vanhæf ríkisstjórn“ þegar hátíðardagskrá hófst. Köllin mátti heyra greinilega.

Boðað var til umræðra mótmæla í gegnum Facebook með yfirskriftinni „Ríkisstjórnina burt – vér mótmælum öll“.

Mótmælt var meðal annars að lög hafi verið sett á verkföll, að ríkisstjórnin lækki skatta og gjöld á útgerðina á meðan þau fullyrði að ekki séu til peningar í túlkasjóð heyrnarlausra og að

ríkisstjórnin hafi svikið kosningaloforð, hvert á fætur öðru.

Þá var því mótmælt að Sigmundur Davíð og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefðu mætt á leik íslenska karlalandsliðsins í fótbolta síðastliðinn föstudag í stað þess að taka þátt í umræðum á þingi um lagasetningu á verkfall BHM og hjúkrunarfræðinga.

Ekki er hægt að segja að mann- skapurinn á Austurvelli hafi tekið ávarpi forsætisráðherra fagnandi en undir ræðunni allri heyrðist trommusláttur og hróp mótmælenda.

**GUÐFINNA JÓHANNA GUÐMUNDSDÓTTIR**

„Mér finnst að það sé hægt að mótmæla flest- alla aðra daga en á sjálfum þjóðhátíðardeginum. Sá dagur á að einkennast af gleði,“ segir Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi Framsoknar og flugvallarvina, en hún er ein af þeim sem finnst það óviðeigandi að mótmæla ríkisstjórninni og aðgerðum hennar á þjóðhátíðardeginum. „Það voru börn á Austurvelli og það er óþarfi að þau þurfi að upplifa reiðina sem er í samfélaginu.“

Í lok ræðu sinnar tók Sigmundur fram að Íslendingar skyldu vinna áfram að meira jafnrétti, meira

**HALLDÓR AÐDAR SVANSSON**

lýðræði og meiri framförum. Þúad var sérstaklega hátt á Sigmundur undir þessum lokaorðum.

Lófatak heyrðist þegar ræðunni lauk en áfram heyrðist duglega í mótmælendum yfir tónlistaratriðum.

Halldór Auðar Svansson, borgarfulltrúi Pírata, bendir á að 17. júní sé afmælisdagur Jóns Sig-

**ÓSÁTT VIÐ AUSTURVÖLL** Meðal annars var því mótmælt að lög hafi verið sett á verkföll og að ríkisstjórnin hafi svikið kosningaloforð.

MYND/STÖÐ

Gott land en gæti verið betra

Í upphafi hátíðarræðu Sigmundur Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra á Austurvelli í gær fjallaði hann um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga sem Jón Sigurðsson leiddi. Sigmundur kallaði Ísland „fyrirmynd í samfélagi þjóðanna“ og benti á að lífslíkur, atvinnuleysi og kynjajafnrétti væri betur á veg komið hér á landi en annars staðar í heiminum.

Þá sagði Sigmundur að í heildarsamhenginu hlytu Íslendingar að geta verið sammála um að Ísland væri líklega bara nokkuð gott land, þó það gæti orðið enn betra. Ísland stæði nú upprétt á ný í samfélagi þjóða eftir að hafa sigrast á mestu efnahagsferðileikum síðari tíma.

lýðræði og meiri framförum. Þúad var sérstaklega hátt á Sigmundur undir þessum lokaorðum.

Lófatak heyrðist þegar ræðunni lauk en áfram heyrðist duglega í mótmælendum yfir tónlistaratriðum.

Halldór Auðar Svansson, borgarfulltrúi Pírata, bendir á að 17. júní sé afmælisdagur Jóns Sig-

urðssonar sem þekkt er að mótmælti yfirgangi danskra stjórnvalda. „Menn verða að hafa í huga að mótmæli af þessu tagi beinast ekki að hátíðarhöldunum sjálfum. Þetta snýst um andúð gagnvart stjórnvöldum,“ segir Halldór sem telur 17. júní ekki verri en neinn annan dag til mótmæla.

naðine@frettabladid.is

**OFBELDI** Ofbeldisnefnd vinnur tillögur til að efla aðstoð og ráðgjöf fyrir gerendur.

NORDICPHOTOS/GETTY

Forvarnir gegn ofbeldi:

Forvarnarstarf í kjölfar byltingar

SVEITARSTJÓRNARMÁL Ofbeldisvarnarnefnd hefur verið falið að vinna tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar til að efla forvarnarstarf vegna kynbundins ofbeldis og mæta þörfum þolenda, samkvæmt samþykkt borgarstjórnar 16. júní.

Í tilkynningu borgarinnar segir að nýlega hafi staðið svokölluð Beauty tips-bylting og sýni hún nauðsyn þess að tryggja ráðgjöf og stuðning við hæfi og spyrna gegn frekara ofbeldi á sama tíma.

- ngy

Málstofa um stjórnmál: Ræða um þróun í Rússlandi

MENNING Edda öndvegissetur og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands efna til opinna málstofu um þróun stjórnmálaumhverfisins í Rússlandi í valdatíð Pútíns í Norræna húsinu milli eitt og þrjú á morgun. Efni og umræður verða á ensku, en sérstakur gestafyrirlesari verður Sergei Medvedev, prófessor í stjórnmálafræði við Hagfræðiháskóla Moskvu og andstæðingur ríkisstjórnarinnar.

- þea

LEIÐRÉTT

Í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær var fullrt að þriðjungur hefði verið óákveðinn í afstöðu sinni til þess hvort rétt hefði verið að setja lög á verkfall BHM og hjúkrunarfræðinga. Hið rétta er að einungis ellefu prósent voru óákveðin og tvö prósent svörðu ekki.

Frá kr. **111.900** **SÉRTILBOÐ**

30. júní í 14 nætur

Almería

Bahia Serena

Netverð á mann frá kr.111.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr.164.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000 www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Þetta er fyrsta og seinasta myndin. Heimsferðir skilja sér rétt til leðnatrags á síðu. Ath. þú verð gætt af vaxandi myndunum.

Lítill hreyfing er í sölu á kúabúörðum þótt verð á kvóta hafi haldist lágt: Svipað að kaupa jörð og togara

LANDBÚNAÐUR „Það er frekar þungt undir fæti. Þetta er keimlíkt og þetta var eftir hrun,“ segir Magnús Leopoldsson, fasteignasali og bóndi, um kaup og sölu á kúabúörðum.

**MAGNÚS LEOPOLDSSON**

Verð á mjólkurkvóta hefur verið í algjöru lágmarki svo mánuðum skiptir og nam 150 krónum á líttrann í apríl síðastliðnum.

Það þýðir að minna er um að eldri kúabændur sem hyggjast hætta búskap selji mjólkurkvótann frá sér en haldi jörð sinni og húsi.

„Núna verða menn bara að hætta alveg og hleypa öðrum að,“ segir Magnús.

Prátt fyrir það er mjög erfitt fyrir unga bændur að kaupa sig inn í greinina. Jarðir með framleiðslurétt eru dýrar.

„Þetta er svipað og að kaupa sér togara. Það er varla hægt að tala um að jarðir kosti minna en 150 milljónir,“ segir Magnús.

**KVÓTAKERFIÐ ÓNÝTT** Framleiðslukrafa á bændur er nú hundrað prósent og greitt er fyrir alla mjólk umfram kvóta. Vegna þessa er verð á kvóta í sögulegu lágmarki.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

- snæ

blómaval

HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

SUMAR TAX FREE

af sláttuvélum og
garðhúsgögnum

TVÖFALT TAX FREE
af sumarblómum



Tax free jafngildir 19,35% afslætti. Tvöfalt Tax free jafngildir 38.7% afslætti

Að sjálfsgöðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Gildir 16.-21. júní meðan birgðir endast.

*Gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað vill skólameistari Verzló?
2. Hvað leggur ríkið mikið út vegna Sunnuhlíðar?
3. Hvað kostaði snjómokstur Akureyrarbæ fyrstu fjóra mánuði ársins?

SVÖRIN

1. Áð samræmd próf verði tekið upp á ný. 2. Um milljarð króna. 3. Rímar áttatíu og tveir milljónt króna.



KENNÓ Ásókn í námið hefur sjaldan verið meiri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aukningin 20% á milli ára:

Mikil ásókn í kennaranám

MENNTAMÁL Þegar frestur til umsókna um nám í Háskóla Íslands rann út höfðu borist 1.233 umsóknir í grunn- og framhaldsnám á haustönn við Menntavísindasvið. Er hér um að ræða nærri fimmtungsauningu frá árinu áður en þá bárust 1.029 umsóknir.

Alls bárust 316 umsóknir í grunnám í Kennaradeild en þær voru 282 í fyrra og nam aukning milli ára 12,1 prósent. Í allt bárust 296 umsóknir um framhaldsnám í Kennaradeild en 224 umsóknir bárust í fyrra og er hér um að ræða 32,1 prósent aukningu milli ára.

-shá

Styrktarfé til ABC fryst uns greitt verður úr ágreiningi

Deilur standa nú á milli ABC barnahjálpar á Íslandi og ABC barnahjálpar í Kenía. Utanríkisráðuneytið veitti ABC á Íslandi fimmtán milljóna króna styrk í lok árs 2014 sem hefur verið frystur á meðan deilur standa yfir.

SAMFÉLAG „Þeir peningar eru enn á bankareikningi ABC á Íslandi og samtökin hafa ábyrgst að þeir verði ekki hreyfðir fyrr en greitt hefur verið úr þeim ágreiningi sem á sér stað í samtökunum,“ segir Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins. Peningarnir sem um ræðir eru fimmtán milljóna króna styrkur, sem utanríkisráðuneytið veitti ABC á Íslandi í lok árs 2014. Styrkurinn var veittur fyrir heimavist og skóla fyrir götubörn í Nairóbí í Kenía.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að illvígur deilur stæðu milli ABC barnahjálpar á Íslandi og ABC barnahjálpar í Kenía. Þórunni Helgadóttur, formanni samtakanna í Kenía, var sagt upp störfum en hún er föst á því að staða hennar í Kenía sé óbreytt, enda sé um tvö aðskilin félög að ræða. ABC á Íslandi heldur því hins vegar fram að félagið eigi ABC í Kenía.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu er rétt hjá Þórunni að félagin séu tveir sjálfstæðir lögaðilar. „Styrkur ráðuneytisins fer þó í gegnum ABC á Íslandi en er til starfans í Kenía,“ segir Urður.

Þá greindi Fréttablaðið frá því að Þórunni sakaði ABC á Íslandi um mútur í Kenía þar sem stjórnin bæri fé á einstaka starfsmenn innan skólans í Kenía í þeim tilgangi að taka yfir skólann með yaldi. Framkvæmdastjóri ABC á Íslandi neitar þeim ásökunum.

Urður segir að ráðuneytið geri skýrar kröfur um að gerð sé grein fyrir ráðstöfun styrktarfjár. „Þar er stuðst við verklagsreglur sem byggðar eru á fyrirmyndum frá nágrannaríkjum.“

Á síðasta ári var gerð fagleg úttekt á verkefni í Kenía sem ABC á Íslandi hafði hlotið styrk fyrir.



Í KENÍA Þórunn hefur unnið við hjálparstarf í Kenía síðan árið 2006.

MYND/GUNNARSALVARSSON

ABC í Kenía var samstarfsaðili á vettvangi og sá um framkvæmd. Úttektin gaf góða niðurstöðu og var ákveðið að veita fimmtán milljóna króna styrk fyrir annan áfanga verkefnis í Kenía. „Slíkar úttektir eru gerðar reglulega á verkefnum sem ráðuneytið styður,“ segir Urður og bætir við að opinber þróunarsamvinna fari í ríkari mæli gegnum félagasamtök sem hafa þekkingu af starfi í þróunarlöndum. Þannig eru gerðar ríkari kröfur til félagasamtaka og eftirlit með verkefnum þeirra hert.

Auk ásakana um mútur segir Þórunn að engir peningar hafi borist til barnanna í Kenía í maí og júní. ABC á Íslandi segja það ekki rétt. „Ég og maðurinn minn borguðum alla reikninga í Kenía. Hvert sendu þau þá peningana frá stuðningsaðilum barnanna? Þau verða



„Ég og maðurinn minn borguðum alla reikninga í Kenía. Hvert sendu þau þá peningana...?“

Þórunn Helgadóttir, fomaður ABC barnahjálpar í Kenía



„Styrkur ráðuneytisins fer þó í gegnum ABC á Íslandi en er til starfans í Kenía.“

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins

að sýna fram á millifærslur,“ segir Þórunn um peninga sem styrktarfórelldrar á Íslandi hafa greitt fyrir barnið sitt í Kenía.

Þórunn ferðast til Kenía í dag og heldur áfram að reka skólann. „Ég er stofnandi ABC í Kenía og formaður þess félags. Þau geta rekið mig úr ABC á Íslandi en ekki úr formannsstöðunni í Kenía. Þau

hafa aldrei greitt mér nein laun fyrir það starf,“ segir Þórunn og bætir við að hún hafi starfað fyrir félagið á Íslandi en í því starfi hafi falist að koma fram fyrir hönd félagsins í Kenía og taka á móti fólki. „Þetta er tvennt ólíkt,“ segir Þórunn sem hlakkar til að komast til Kenía að hugsa um börnin.

nadine@frettabladid.is

Harmleikur í gleðskap nemenda við Berkeley-háskólann í Kaliforníu:

Sex létust þegar svalir hrundu

BANDARÍKIN Sex ungmenni létust og sjö slösuðust alvarlega þegar svalir íbúðar á fjórðu hæð íbúðarhúss í háskólabænum Berkeley í Kaliforníu hrundu á þriðjudag.

Fimm hinna látnu voru írskir skiptinemar en sá sjötti Bandaríkjamaður. Ungmenninn voru saman komin til að halda upp á 21 árs afmæli eins úr vinahópnum.

Ættingjar ungmennanna voru í gær sagðir í frétt breska ríkisútvarpsins BBC á leið á vettvang. Talið er líklegt að þeir muni fyrstir fá upplýsingarnar sem veittar verða um orsakir þess að svalirnar létu undan þunga þeirra sem á þeim voru.

Charles Flanagan, utanríkisráðherra Írlands, sagði í tilkynningu eftir að ljóst var hvað gerst hafði að um væri að ræða hörmungardag fyrir aðstandendur hinna látnu. „Nemendurnir og fjölskyldur þeirra eru okkur efst í huga,“ sagði hann.

Svalirnar losnuðu af byggingunni og féllu fimmtán metra, áður en þeim hvolfdi yfir svalir á þriðju hæð hússins.

Slysið hefur vakið upp miklar spurningar um byggingarreglugerðir á svæðinu.

Svalirnar sem hrundu áttu samkvæmt reglunum að þola um það bil 1.400 kíló, sem er vel umfram heildarþyngd ungmennanna.

Öðrum svölum byggingarinnar



SVALIRNAR Írar eru harmi slegnir yfir dauða fimm írskra skiptinema. NORDICPHOTOS/GETTY

hefur verið lokað í öryggisskyni. Einn íbúa byggingarinnar, Sam Cacas, gagnrýndi öryggi hússins harðlega í samtali við fréttastofu USA Today. Hann sagði

ekki nægilega vel gætt að húsinu og íbúum þess og bætti því við að auðveldlega hefði verið hægt að koma í veg fyrir harmleikinn.

-þea

Ný tækni við göngu- greiningu

Flexor notast við nýja tækni við göngugreiningu. Göngu- og hlaupabrettið okkar býr yfir innbyggðum þrýstinum sem skilar nákvæmum upplýsingum um göngulag.

Fáðu góð ráð, faglega göngugreiningu og lausnir við stoðkerfisvandamálum hjá Flexor.

Pantaðu tíma í síma 517 3900

FLEXOR
NÆSTA SKREF

Orkhúsinu / Suðurlandsbraut 34 / 517 3900



playmobil® DAGAR Í HAGKAUP 18.-21. JÚNÍ

Allt Playmobil

20%

afsláttur



17.199 kr
verð áður 21.499



2.631 kr
verð áður 3.289



7.991 kr
verð áður 9.989



5.999 kr
verð áður 7.499



13.351 kr
verð áður 16.689



4.727 kr
verð áður 5.909



2.359 kr
verð áður 2.949



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

HEIMURINN



Mátti ekki nota lag Neil Young

1 BANDARÍKIN Tónlistarmaðurinn Neil Young átelur auðjofurinn Donald Trump fyrir að nota lag Youngs í óleyfi þegar hann tilkynnti um framboð sitt til forseta Bandaríkjanna á þriðjudag. Trump gekk á svið við þrumandi undirleik lagsins „Rockin’ in the Free World“. Að því er Fox News greinir frá kom fram í tilkynningu úr herbúðum Neil Young, sem er kanadískur, að hann styðji framboð Bernie Sanders í Bandaríkjunum.

Búa sig undir flóttamannastráum



Á GÓLANHÆÐUM Ísraelsher var með umfangsmiklar heræfingar á miðjum Gólanhæðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2 ÍSRAEL Yfirvöld öryggis- og hernaðarmála í Ísrael búa sig undir straum flóttafólks frá Sýrlandi. Dagblaðið Haaretz hefur eftir Ísraelskum nýjónastofnunum að í Sýrlandi séu gerðar markvissar morðárásir á drúsaminnihlutann í suðurhluta landsins.

Stjórnvöld í Ísrael lýstu því yfir í gær að þau væru reiðubúin að aðstoða fólk sem flyði Sýrland yfir norðurlandamæri Ísraels. Markmiðið væri að „komast hjá fjöldamorðum nærri Ísraelsku landsvæði“ hefur fréttastofa EPA eftir heimildum.

Norsk í bólivísku fangelsi

3 BÓLIVÍA Hæstiréttur í Bólivíu hefur staðfest 10 ára fangelsisdóm yfir norskrri konu, Madelaine Rodriguez, fyrir aðild að smygli á 22,4 kílóum af kókaíni til Noregs árið 2008. Norska ríkisútvarpið NRK segir hana hafa verið handtekna á Dochabamba-flugvelli í Bólivíu, ásamt tveimur öðrum ungum konum frá Noregi. Þær eru báðar í Noregi, en önnur flúði frá Bólivíu áður en réttarhöld hófust þar og hin árið 2011.

Föstumánuðurinn ramadan er að hefjast



INNKAUP Í NABLUS Palestínuskur maður kaupir kjöt á markaði í gamla bænum í Nablus á Vesturbakkanum í Palestínu í aðdraganda föstumánaðarinnar ramadan sem hefst í dag víðast hvar í heiminum. Á föstunni fylgja múslimar boðum Allah stranglega og viðhafa bænahald og lestur úr Kóraninum um leið og ekki er borðað, drukkið, reykt eða stundað kynlíf frá sólarupprás til sólarlags. Fram kemur í umfjöllun um föstumánuðinn á Vísindavef Háskóla Íslands að Ramadan sé „tími líkamlegrar og andlegrar hreinsunar og yfirbótar“. Markmiðið með föstunni sé að auka sjálfstjórn og trúarhita. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Innovation
that excites

NISSAN PULSAR

AFBURÐA RÚMGÓÐUR OG HLAÐINN BÚNAÐI



NÝR NISSAN PULSAR

ACENTA, DÍSL, BEINSKIPTUR – EYÐSLA 3,6 L/100 KM*

3.590.000 KR.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

*Miðað við uppgæfnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Fögnum 19. júní

Jafnrétti er langhlaup

Árið 1967 varð **Kathrine Switzer** fyrsta konan til að hlaupa í Boston-marathoninu en þá var konum meinuð þátttaka í langhlaupum! Það vakti heimsathygli þegar skipuleggjendur reyndu að stöðva hana. Switzer verður sérstakur gestur okkar í tengslum við Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka í ágúst. Þá mun hún deila hinn mögnuðu sögu sinni með okkur – og baráttunni allar götur síðan.

Á aldarafmæli kosningaréttar kvenna fagna allir Íslendingar þeim árangri sem náðst hefur í jafnréttismálum.

Við í Íslandsbanka tökum að sjálfsgöðu þátt í hátíðahöldunum og fögnum því að þjóðin sé í allra fremstu röð í þessum efnum. Frá okkar sjónarhóli má nefna að innan Íslandsbanka er unnið eftir skýrri jafnréttisáætlun, jafnlaunavottun er í höfn auk þess sem við höfum jafnað kynjahlutföll meðal stjórnenda, í stjórn og framkvæmdastjórn.

Baráttan heldur samt áfram. Jafnréttismál eru langhlaup og við skulum nýta meðvindinn og hvatninguna sem þessi tímamót færa okkur. Við gefum ekkert eftir á sprettinum sem fram undan er þar til endanlegu marki er náð!

Starfsfólk Íslandsbanka fær frí eftir hádegi þann 19. júní til að taka þátt í hátíðahöldunum og verða öll útibú bankans lokuð frá kl. 13.

Í Netbanka, Appinu og hraðbönkum getur þú sinnt flestum þeim erindum sem hægt er að sinna hjá gjaldkerum.



Íslandsbanki er einn styrktaraðila alþjóðlegu ráðstefnunnar **We Inspirally** í Hörpu sem haldin er í tilefni af aldarafmæli kosningaréttar kvenna. Þar verður alþjóðlegt samtal um bestu leiðir til að brúa kynjamuninn.

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á
bilaland.is

ALLT AÐ 90%
FJÁRMÖGNUN



TÖKUM NOTAÐAN
UPPI NOTAÐAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RENAULT MEGANE SP TOURER
Nýskr. 05/13, ekinn 52 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 131504.

Frábært verð!
2.890 þús.



HYUNDAI i40 WAGON
Nýskr. 05/13, ekinn 40 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.390 þús.
Rnr. 120492.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 05/12, ekinn 40 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.780 þús.
Rnr. 340015.



SUBARU IMPREZA SPORT
Nýskr. 08/08, ekinn 85 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.860 þús.
Rnr. 102814.



HYUNDAI i30 WAGON
Nýskr. 06/12, ekinn 95 þús. km.
bensín, beinskíptur.
VERÐ kr. 2.150 þús.
Rnr. 120696.



HONDA ACCORD
Nýskr. 05/08, ekinn 97 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr. 191767.



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 08/12, ekinn 45 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.480 þús.
Rnr. 191514.

bilaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Fá skip ná ekki að staðsetja úthafskarfann á víðáttumiklu hafsvæði: Úthafskarfavertíðin brást í ár

SJÁVARÚTVEGUR Úthafskarfavertíðin brást þetta árið, segir Kristinn Gestsson, skipstjóri á frystitogarannum Perney RE, í frétt á heimasíðu HB Granda.

Áð þessu sinni fóru tvö skip HB Granda, Perney og Örfirisey, til veiða á djúpkarfa á úthafskarfslóðinni en Kristinn segir að eftir að Perney hafði fengið ágætan afla strax í byrjun hafi botninn gjör-samlega dottið úr veiðinni.

Kristinn tekur fram að úthafskarfakvótinn sé reyndar orðinn

það lítilt að fá skip stundi veiðarnar. Útlensk skip veiði rétt utan 200 mílna lögsögumarkanna og þaðan berist fréttirnar um aflabrógðin. Hafsvæðið innan íslensku lögsögunnar sé það stórt að örfá skip geti ekki leitað á því öllu að nokkru gagni. „Karfinn þéttir sig á mjög afmörkuðu svæði og það er eins og að leita að nál í heystakki að finna hann,“ segir Kristinn.

Einnig segir frá því að ákaflega rólegt var yfir ufsa- og grálúðuveiðum fyrir austan land.



PERNEY RE Fá skip stunda veiðarnar og eiga erfitt með að staðsetja karfann. MYND/HBGRANDI



ERFDIR TÍMAR Sepp Blatter hefur ekki átt sjö dagana sæla síðan aragrúi spillingarmála kom upp innan FIFA. NORDICPHOTOS/GETTY

Bankar í Sviss hjálpa við rannsókn á FIFA

Svissneskir saksóknarar rannsaka 53 tilfelli meints peningabættis. Ríkissaksóknari Sviss segir rannsóknina flókna og efast ekki um að hún verði langdregin. Sepp Blatter, forseti FIFA, gæti þurft að mæta í yfirheyrslu hjá Svisslendingum.

SVISS Svissneskir saksóknarar rannsaka nú 53 tilfelli meints peningabættis háttsettra manna innan Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA.

Ítarlegar rannsóknir standa nú yfir og er rannsóknarefnið spilling innan FIFA. Þrír aðilar vinna saman að rannsókninni, Bandaríkin, Sviss og síðanefnd FIFA.

Bandarísk yfirvöld ákærðu í maí fjórtán nú- og fyrrverandi stjórnendur innan FIFA í kjölfar þriggja ára rannsóknar FBI. Ákærurnar snúa að mútupægni, spillingu og peningabætti.

Yfirvöld í Sviss hófu sína eigin rannsókn í síðasta mánuði. Rannsóknin beinist gegn mönnum sem eru grunaðir um ólöglegt athæfi við kosningar um hvar skyldi halda heimsmeistaramótið í knattspyrnu árin 2018 og 2022. Þar til nú hafa mun minni upplýsingar verið aðgengilegar um svissnesku rannsóknina en þá bandarísku.

Michael Lauber, ríkissaksóknari

Sviss, sagði á blaðamannafundi í gær að rannsóknin væri flókin og myndi taka langan tíma.

Lauber sagði teymi sitt nú þegar hafa aflað upplýsinga um 104 grunsamleg tengsl milli bankareikninga. Hann sagðist á fundinum vilja þakka svissneskum bönkum fyrir samstarfsviljann en til viðbótar við þau 104 tengsl sem rannsakendur vissu þegar af upplýstu bankarnir rannsakendur um 53 bankareikninga sem grunur liggur á að tengist peningabætti.

Lauber sagðist ekki útiloka að yfirheyrja þyrfti Sepp Blatter, fráfandi forseta FIFA, við rannsókn málsins. Hins vegar hefur Blatter sjálfur þvertekið fyrir að hafa gert nokkuð misjafnt. Hann tilkynnti fyrr í mánuðinum um afsögn sína sem forseti. Aðeins nokkrum dögum eftir endurkjör hans til embættis forseta FIFA.

Lauber útskýrði fyrir viðstöddum blaðamönnum að rannsókn Svisslendinga væri aðskilin rannsókn



Knattspyrnuheimurinn þarf nú að sýna af sér mikla þolinmæði. Vegna eðlis rannsóknarinnar mun hún taka lengri tíma en hinar goðsagnakenndu níutíu mínútur.

Michael Lauber, ríkissaksóknari Sviss

FBI. Hann sagði að sönnunargögnum yrði ekki deilt nema óskað væri sérstaklega eftir því.

„Knattspyrnuheimurinn þarf nú að sýna af sér mikla þolinmæði. Vegna eðlis rannsóknarinnar mun hún taka lengri tíma en hinar goðsagnakenndu níutíu mínútur,“ sagði Lauber að lokum og vísaði til hefðbundinnar lengdar knattspyrnuleikja.

thorgnyr@frettabladid.is

Fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu kynnti sér orkumál og jarðvarma:

Tímósjenkó í Íslandsheimsókn

ORKUMÁL Júlía Tímósjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu, var stödd hér á landi á þriðjudag til að kynna sér orkumál Íslendinga.

Með henni í för var meðal annars Júrí Prodan, fyrrverandi orkumálaráðherra Úkraínu.

Júlía og fóruneyti hennar kynntu sér meðal annars starfsemi Reykjavík Geothermal og Hellisheiðarvirkjunar.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Reykjavík Geothermal, segir hana hafa verið að velta fyrir sér jarðhitanoftun í Úkraínu.

„Þau eru í nokkrum vandræðum með þetta. Þau treysta á kjarnorkuver sem eru gömul og úr sér gengin. Síðan treysta þau á gas frá Rússlandi en einnig eru þau með kolaver. Það er orkugjafi sem er á miklu undanhaldi. Þannig að þau eru að leita nýrra lausna,“ segir Guðmundur.

Tímósjenkó er orkumálum ekki ókunnug en hún er gjarnan kölluð Gasprinsessan þar sem hún starf-



GASPRINSESSAN Tímósjenko fundaði með Guðmundi Þóroddssyni, forstjóra Reykjavík Geothermal. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

aði áður sem framkvæmdastjóri Ukrainzky Benzin og stjórnarformaður United Energy Systems og Ukraine sem eru tvö stór gasfyrirtæki í Úkraínu.- sfs

DEBENHAMS

BAKER
BY TED BAKER



JASPER J CONRAN

JEFF BANKS
LONDON

principles
BY BEN de LISI

ROCHA. JOHN ROCHA

STAR BY
julienmacdonald



30%
AFSLÁTTUR

AF SUMARVÖRUM
FRÁ DEBENHAMS
HÖNNUÐUM

Opið til kl. 21:00 í kvöld

 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



1

GJÖRNINGUR Í SVISS Listakonan Milo Moire stillir sér hér upp til sjálfsmyndatöku með vegfaranda í grennd við sýningarstað alþjóðlegu listasýningarinnar Art Basel í Basel í Sviss í gær. Listakonan, sem er umdeild, kallar gjörning sinn „Nackt Selfies“ eða „Berar sjálfur“, en hún fór um borgina og stillti sér upp með gestum og gangandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



2

NÝLIÐAR Í AFGANISTAN Nýliðar sem staðist hafa próf stjórnarhersins í Afganistan halda til frekari heræfinga í Herat í gær. Erlend herlið hafa dregið mjög úr veru sinni í landinu og hefur ábyrgð á öryggismálum því verið færð í hendur hersins í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



4

GESTIR MÆTA Á ASCOT Dagur tvö í bresku kappreiðunum Royal Ascot fór fram nærri Lundúnum í gær. Hér má sjá gesti mæta að morgni en kappreiðarnar standa út 20. þessa mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



3

PRÓFAR FLEY SITT Í DORSTEN Í GÆR Skipasmiðurinn Simon Hoekstra prófar endurgerð sína af rómverskri ferju við bakka árinna Lippe í Dorsten í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



ÁSTAND HEIMSINS



TOLLSTJÓRI

Kæri viðskiptavinur

Í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi hvetur ríkisstjórn Íslands vinnuveitendur til að gefa starfsfólki frí frá hádegi föstudaginn 19. júní, svo það geti tekið þátt í skipulögðum hátíðahöldum. Tollstjóri styður jafnrétti og því verður afgreiðsla stofnunarinnar lokuð frá kl. 12 þann dag. Við minnum jafnframt á að afgreiðsla Tollstjóra er opin til kl. 18:00 á fimmtudögum í sumar.

*Með bestu kveðju,
starfsfólk Tollstjóra*



5

MÆLIR GRUNNSKÓLABÖRN Í SEOUL Park won-soon, borgarstjóri í Seoul, höfuðborg Suður-Kóreu, mælir hér líkamshita telpu í Gwanghui-grunnskólanum í borginni. Heilbrigði barna í skólum er nú kannað til að hamlu útbreiðslu lungnasjúkdóms af völdum MERS-veirunnar. Suður-Kórea hefur staðfest átta tilfelli til viðbótar og var heildarsmit því komin í 162 í gær og dauðsföll af völdum MERS orðin 19. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



6

BYGGINGAPVOTTUR Í PEKING Verkamaður hreinsar hér glugga og ytra byrði verslunarmiðstöðvar í Peking í Kína undir „augliti“ fyrirsætunnar sem prýðir risastórt auglýsingaspjaldið á byggingunni. Samkvæmt nýrri skýrslu Alibaba og Accenture verður Kína aðalmiðstöð vefverslunar í heiminum fyrir árið 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



RALPH LAUREN

THE BIG PONY COLLECTION



KAUPAUKINN ÞINN

BIG PONY TASKA FYLGIR KAUPUM
Á RALPH LAUREN ILMUM
EINNIG DÖMUTÖSKUR MEÐ DÖMUILMUM

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Hjólápumpa fyrir safngesti: Bókasafnið í hjólheimum

Borgarbókasafnið í Sólheimum býður nú gestum safnsins upp á notkun hjólámpu með þrýstingsmæli vanti þá loft í dekkinn á hjólinu. Með þessu vill safnið stuðla að vistvænni ferðamáta og hvetja alla til að drepa á bílunum og hjóla á bókasafnið, að því er segir á vef Borgarbókasafnsins. Þar segir jafnframt að lokað verði eftir hádegi á öllum sófnunum 19. júní í tilefni hátíðahalda í Reykjavík vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna.

Dönsk neytendasamtök vara við efnum hættulegum heilsunni: Hormónaraskandi efni í tyggjóí

Hormónaraskandi efni eru í 92 af 150 tegundum tyggigúmmis sem dönsku neytendasamtökin, Forbrugerráðet Tænk, létu rannsaka, eða í rúmlega 60 prósentum tegundanna. Efnin, sem geta skaðað heilsuna, eru einnig í þremur af hverjum fjórum tegundum tyggigúmmis sem sett eru sérstaklega á markað fyrir börn. Verkefnisstjóri hjá samtökunum kveðst undrandi á því að efnið skuli vera svona algengt í

barnatyggjóí. Greinilegt sé að ekki sé nauðsyn á að hafa þau í tyggjóí þar sem þau séu ekki í fjórungi tegundanna. Um er að ræða efni BHA og BHT sem einnig eru þekkt sem E-númerin E320 og E321. Tilraunir á dýrum hafa sýnt fram á að þessi efni raska hormónastarfsemi þeirra. Neytendasamtökin segja að þess vegna eigi þau ekki að vera í vörum fyrir fólk og sérstaklega ekki börn. Banna ætti þessi efni sam-

kvæmt lögum í öllum neytendavörum. Rannsóknir á dýrum hafa leitt í ljós að efnið geta leitt til lélegra sæðis og galla á kynfærum auk þess sem kynþroskaskeiðið geti byrjað of snemma. Neytendasamtökin benda á að einstaka tyggjólötur valdi ekki skaða. Menn hafi hins vegar áhyggjur af samanlögðum áhrifum ýmissa hormónaraskandi efna sem eru í vörum sem neytendur komast í snertingu við. - ibs



MED TYGGJÓ Efni sem geta verið hættuleg heilsunni eru í þremur af hverjum fjórum tegundum tyggigúmmis sem sett er á markað fyrir börn. NORDICPHOTOS/GETTY

Góð ráð við undirbúning útilegunnar

Við undirbúning útilegu þarf að hafa í huga að hlaða ekki bílinn um of. Aksturseiginleikar bílsins breytast og laus farangur getur valdið skaða ef hann lendir á farþega við akstur. Þetta er meðal þeirra ráða sem gefin eru á heimasíðu Miðstöðvar slysavarna barna vegna ferðalaga.

Þar er til dæmis bent á að aka eigi hægt um tjaldsvæði og að vera þurfi sérstaklega á varðbergi þegar þakk-



að er. Börn geti verið að leik við götuslóðina. Ekki á að láta börn hlaupa um tjaldsvæðið áður en fjölskyldan hefur kynnt sér umhverfið. Ef eldað er á kolagrilli þarf að staðsetja það þannig að eldur nái hvorki í tjald né gróður. Aldrei á að sprauta íkveikilög á logandi kolagrill. Ekki má fleygja heitum kolum þar sem hætta er á íkveikju. Þrímus á að staðsetja svo að hann velti ekki. Ekki má hreyfa við honum þegar hann er í gangi. Gas-kúta á að geyma utan tjalds þegar þeir eru ekki í notkun.



FJÖR Á SKÓLALÓÐ Yngstu nemendurnir í Flataskóla í Garðabæ einbeittu sér betur að verkefnum sínum þegar þau höfðu byrjað skóladaginn á hreyfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fáðu þér alvöru ferskt loft!

Apótekarinn er með lausnir fyrir þig ef þú þarft hjálp við að hætta að reykja.

15% afsláttur af Nicorette QuickMist til 12. júlí.

Apótekarinn⁺ - lægra verð

www.apotekarinn.is

Hopp í stærðfræðitíma bætir árangur

Dönsk rannsókn sýnir að nemendum gengur betur að læra margföldunartöfluna ef þeir hoppa á meðan þeir þylja hana. Margar rannsóknir sýna samhengi á milli hreyfingar og betri námsárangurs. Hreyfing er einnig hjálp gegn áhrifum eineltis.

Hoppi fyrstu bekkingar í grunnskóla á meðan þeir þylja margföldunartöfluna gengur þeim betur að læra hana heldur en ef þeir sitja kyrrir. Þetta gagnast hins vegar ekki tanningum, að því er niðurstöður rannsóknar vísindamanna við háskólann Syddansk Universitet sýna. Danskir og norskir fjölmiðlar hafa það eftir einum vísindamannanna að árangur yngstu barnanna í stærðfræði hafi orðið 35 prósentum betri eftir að þau voru látin hreyfa sig. Augljóst sé að hreyfing bæti ekki bara heilsuna, heldur hafi hún jákvæð áhrif á námsárangur. Börnin voru ekki bara látin hoppa á meðan þau voru að læra margföldunartöfluna. Gert var hlé á kennslu öðru hverju til að láta börnin láta hreyfa sig og skipulögð hreyfing var í frímínútum auk sérstakra íþróttatíma. Börnunum þótti auðveldara að einbeita sér eftir að hafa hreyft sig í fimm eða tíu mínútur. Þeim fannst það jafnframt jákvætt út frá félagslegu sjónarmiði. Fleiri erlendar rannsóknir

hafa sýnt fram á samhengi milli hreyfingar barna og betri árangurs í námi. Sænsk rannsókn leiddi í ljós að börnum sem voru daglega í íþróttatímum allan grunnskólann gekk betur í námi en þeim sem voru bara í íþróttatímum tvisvar í viku. Af þeim sem voru í íþróttum á hverjum degi fóru 96 prósent í framhaldsnám en 89 prósent hinna. Í Flataskóla í Garðabæ byrjuðu fyrsti og annar bekkur skóladaginn í vetur á skipulagðri hreyfingu. Fljótlega kom í ljós að börnin einbeittu sér betur að verkefnum sínum þegar þau voru búin að fá útrás fyrir hreyfinguna sína. Niðurstöður stórrar rannsóknar á Íslandi, Lífsstíll 7 til 9 ára grunnskólubarna – íhlutunarannsókn til bættrar heilsu, gefa til kynna að þau sem juku hreyfingu sína og borðuðu hollari mat náðu marktækt betri námsárangri í íslensku og stærðfræði við 9 ára aldur en börn í samamburðarhópi. Iðkun íþróttar bæti ekki bara heilsu og námsárangur barna.

→ Börnin voru ekki bara látin hoppa á meðan þau voru að læra margföldunartöfluna. Gert var hlé á kennslu öðru hverju til að láta börnin hreyfa sig og skipulögð hreyfing var í frímínútum auk sérstakra íþróttatíma.

Íþróttaiðkun hjálpar börnum sem verða fyrir einelti í skóla. Niðurstöður rannsóknar við Gautaborgarháskóla leiddu í ljós að iðkun íþróttar auðveldaði strákum að takast á við einelti. Vanda Sigurgeirsdóttir, fótboltaþjálfari og lektor í tólmstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, hefur greint frá því að börn hafi sloppið við neikvæðar afleiðingar eineltis þar sem umhverfið í íþróttunum hafi verið gott. Félagsskapurinn og vináttan sé verndandi.

Nicorette[®] QuickMist munnhólsúðinn **virkar á 60 sek.**

Nicorette QuickMist munnhólsúði er nikótínlyf sem dregur úr fráhrarfseinkennum og nikótínþörf þegar reykningu er hætt.

15% afsláttur... **Apótekarinn⁺** - lægra verð

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette[®] QuickMist munnhólsúði, lausn (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanól/alkóhól, innan við 100 mg af etanól/úða) er ætlaður til meðferðar við tobaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. Skammtar: Hætta skal reykningu á meðan meðferð stendur. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. Fullorðnir: Nota má allt að 4 úða á klot, en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun og ekki fleiri en 64 úða á 16 klst. á sólarhring. Eftir 6 vikna meðferð á að byrja að draga úr daglegum úðafjölda. Ekki er mælt með notkun lengur en 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma til að koma í veg fyrir bakslag. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnum, þeir sem aldrei hafa reyktt, Varnaávarð: Reykingafólk með nýlegt hjartaðrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetali), alvarlegar hjartáttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varuðar og leita ráða hjá lækni við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisþjúg eða ofsakláða, eru með skerta lífrar- eða nýrnastarfsemi, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaöðof, krómílláæði, skeiðfugarnar- eða magasár eða veðindabólgu, Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Gæta skal þess að úða ekki í augu. Aðgát í návist barna: Nikótínkammtar sem fullorðnir þola geta valdið alvarlegum eitruneinkennum og verið banvænir líflum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Meðgangi og brjóstgjöf: Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst til fösturs og hefur áhrif á öndunarhreyfingar og blóðrás þess. Nikótín berst í brjóstamjólki í magni sem getur haft áhrif á brjóstmýking. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfisnúmer: McNeil Denmark Aps, Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 533-7000. IS/NIK/2015-06-Q-2

Upplifðu frábæra
aksturseiginleika Ford og þú gætir
haft heppnina með þér



NÝI BESTI VINUR ÞINN?

Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur. Fiesta er búinn sparneytinni EcoBoost vél sem hefur hlotið titilinn vél ársins (e. International Engine of the Year), þrjú ár í röð. Ford Fiesta er fánlegur sjálfskiptur.

Kynntu þér nýjan Ford Fiesta.

FORD FIESTA

FRÁ 2.390.000 KR.

— ☀ —
**Sumarleikur
Ford**

Allir sem reynsluaka Ford fara í pott og eiga möguleika á að vinna ferðavinning að verðmæti 250.000 kr.

Auk þess fá 10 heppnir að fara í bíltúr á Ford Mustang GT ásamt ökusérfræðingi Brimborgar.

Komdu og reynsluaktu nýjum Ford



Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverzlun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Allir sem reynsluaka nýjum Ford hjá Brimborg á tímabilinu 13.-30. júní 2015 fara í pott. Aðalvinningur: 250.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Aukavinningar: 10 heppnir fá að fara í bíltúr á Ford Mustang GT ásamt ökusérfræðingi Brimborgar. Dregið verður 1. júlí. Allir nýir Ford bílar eru í boði til reynsluaksturs í Sumarleik Ford nema Ford Mustang GT.
Ford Fiesta, bensín 65 hó/EcoBoost 100 hó, beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO₂ 99 g/km. Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hó, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO₂ 114 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Gleðin víðast hvar ríkjandi

Venju samkvæmt var hátíðardagskrá um land allt á 17. júní, þjóðhátíðardegi Íslendinga. Fjöldmenni kom saman í miðbæ Reykjavíkur til þess að fagna deginum, hvort heldur sem var í leiktækjum, sölubásum eða við að berja augum listviðburði sem boðið var upp á í tilefni dagsins. **Andri Marinó Karlsson**, ljósmyndari Fréttablaðsins, var á ferðinni í gær og fangaði stemninguna.



www.volkswagen.is



Vinsælasti atvinnubíll
á Íslandi síðastliðin ár!



Caddy með nýju sniði

Caddy City er enn einfaldari og hagkvæmari útfærsla af Volkswagen Caddy, sniðin að þörfum þeirra sem vilja traustan vinnufélaga til að létta sér lífið við dagleg störf. City er viðbót í sendibílalínu Volkswagen Caddy.

Volkswagen Caddy hefur árum saman verið mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi. Með tilkomu City er enn auðveldara að bætast í hóp hæstánægðra Volkswagen eigenda.

Caddy City kostar aðeins frá
2.630.000 kr.
(2.120.968 kr. án vsk)



Atvinnubílar

Söluaðilar: HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



ÞAÐ RIGNIR AFSLÁTTUM OG VILDARPUNKTUM!

Í dag, 18. júní, er 13 kr. afsláttur af eldsneytislítranum hjá Olís og ÓB með lykli, Staðgreiðslu- og Tvennukorti.



Sæktu um lykilinn á olis.is

Til viðbótar eru hvorki meira né minna en tvöfaldir Vildarpunktur Icelandair í dag.

Dæmi: 10.000 kr. áfylling gefur 300 Vildarpunkta Icelandair.

ICELANDAIR 

Seðlabankinn varar við gjaldþroti

Seðlabanki Grikklands hefur í fyrsta sinn varað við mögulegu gjaldþroti ríkissjóðs. Fátt virðist benda til þess að samkomulag náist um björgunarpakka fyrir ríkið. Forseti framkvæmdastjórnar ESB segir forsætisráðherrann greina fólki sínu rangt frá samningaviðræðum.

Seðlabanki Grikklands varaði við því í gær að ríkissjóður landsins gæti stefnt í gjaldþrot og þyrfti að hætta bæði í evrusamstarfinu og Evrópusambandinu. Gríska ríkisstjórnin og kröfuhafar kenna hver öðrum um að ekki hafi náðst samkomulag til að stuðla að efnahagsumbótum í landinu. Þar sem þetta samkomulag næst ekki fær landið ekki 7,2 milljarða evra (1.043 milljarða króna) björgunarpakka.

Gríska Seðlabankinn segir að um 30 milljarða evra innstæður (4.470 milljarðar króna) hafi verið teknar út af bankareikningum frá október og fram til loka apríl. Seðlabankinn segir líka að náist ekki samkomulag um efnahagsumbætur muni það hægja á hagvexti í landinu.

„Mistakist að ná samkomulagi mun það leiða til sársaukafulls ferlis sem á endanum leiðir til þess að Grikkland fer í greiðsluþrot og á endanum yfirgefa evrusvæðið og, mjög líklega, Evrópusambandið,“ segir Seðlabanki Grikklands í skýrslu.

Þrátt fyrir þessa viðvörðun hækkaði gengi ríkisskuldabréfa Grikklands um 0,8 prósent í viðskiptum í grísku kauphöllinni snemma í gærmorgun. En úrvals-vísitalan í Grikklandi hefur engu að síður lækkað um 11 prósent frá því á föstudag. Bréf í bönkum hafa lækkað mest.

Fjármálaráðherra Austurríkis, Werner Faymann, var staddur í Aþenu, höfuðborg Grikklands, í

gær til þess að reyna að ná fram lausn á máli. „Ef Evrópuríkin ætla að styrkja sig þarf að styðja hvert ríki sem þarfnast stuðnings og sýna stuðning,“ sagði hann þegar hann fundaði með Prokopis Pavlopoulos, forseta Grikklands. Fundur þeirra var haldinn í aðdraganda fundar fjármálaráðherra evruríkjanna, sem fram fer í dag.

Grikkir hafa tvær vikur til að ná samkomulagi við kröfuhafa, ef það tekst ekki fara þeir í greiðsluþrot vegna 1,6 milljarða evra (238 milljarða króna) endurgreiðslu á láni sem þeir eiga að greiða Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Nú þegar hefur ríkissjóður fengið frest til þess að greiða 300 milljónir evra en á jafnframt að standa skil á þeirri greiðslu 30. júní.

Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, segir að gríska ríkisstjórnin hafi ekki sagt sannleikann um nýjustu tilboð sem ríkinu hafi borist um efnahagsumbætur. „Ég kenni grísku ríkisstjórninni um að hafa sagt almenningi eitt og annað sem er alls ekki í samræmi við það sem ég hef sagt gríska forsætisráðherranum,“ segir Juncker.

Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, segir að lánardrottinn vilji að gríska ríkisstjórnin hækki söluskatt á rafmagn. Enn aðrir ráðherrar hafa gagnrýnt hugmyndir um að hækka söluskatt á lyfjum. Juncker



VINIR Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, og Werner Faymann, fjármálaráðherra Austurríkis, ræddu við blaðamenn eftir fund sinn í gær. Faymann telur að Evrópuríki verði að standa við bakið á vinum sínum.

NORDICPHOTOS/AFP

segir gagnrýnina byggða á mis-skilningi. „Ég er ekki talsmaður þess, og forsætisráðherrann veit það, að hækka söluskatt á lyfjum og rafmagn. Það yrðu stórkostleg mistök,“ segir Juncker. „Það yrði einfaldara að fást við málin ef gríska ríkisstjórnin myndi greina rétt frá því hverjar tillögur framkvæmdastjórnarinnar eru,“ bætti hann við.

Yanis Varoufakis, fjármálaráðherra Grikklands, segir að Evrópusambandið sé vissulega að leggja til hækkanir á söluskatti. Annaðhvort hafi Juncker ekki lesið tillögurnar eða að hann hafi gleymt þeim. johnhakon@frettabladid.is

→ Kjarni málsins

Grikkir sætta sig ekki við að skorið verði niður í greiðslum til eftirlaunaþega eða bótaþega, með þeim rökum að 2/3 bótaþega búi nú þegar við fátækramörk.

Lánardrottinn vilja að greiðslur til bótaþega verði skornar niður um 1 prósent af landsframleiðslu-greiðslurnar nema 16 prósentum af landsframleiðslunni.

Fulltrúar Evrópusambandsins telja að Grikkir hafi samþykkt að skera niður útgjöld um 1 prósent af landsframleiðslu á þessu ári, 2 prósent á næsta ári og 3,5 prósent árið 2018. Grikkir segjast engu lofa fyrr en heildarlausan er fengin.

Kröfuhafar vilja líka breikka söluskattsgrunninn. Grísk stjórnvöld segja að þau muni ekki samþykkja söluskatt á lyf og rafmagnsreikninga.

Grikkir kvarta undan því að kröfuhafar einblíni á aukna skatta í stað þess að leggja áherslu á að koma í veg fyrir skattsvik. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur áhyggjur af því að gríska ríkisstjórnin sé ekki reiðubúin að gera raunverulegar umbætur.

tendence

29. 8. – 1. 9. 2015

Komdu og upplifðu nýjustu alþjóðlegu hugmyndir heimilis- og gjafavara – á mikilvægasta fundarstað atvinnugreinarinnar á seinni ársfjórðungi.

fresh.new.ideas.

dimex@dimex.dk Sími: +45 39 40 11 22

Komdu og skoðaðu: talk-about-tendence.com

messe frankfurt



FORSTJÓRI RYANAIR Michael O'Leary segir nauðsynlegt að flugfélögin láti í sér heyra. Þau hafi ekki talað einum rómi.

NORDICPHOTOS/AFP

Forsvarsmenn stærstu flugfélaga setja fram kröfur:

Flugfélögin krefjast skattalækkana

Æðstu yfirmenn fimm stærstu flugfélaga í Evrópu hafa snúið bókum saman. Þeir hvetja framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til að styðja við bakið á flugfélögum með því að lækka skatta og minnka kostnað þeirra.

Yfirmenn IAG, easyJet, Ryanair, Air France-KLM og Luftansa hittust í Brussel í gær. Á fundi sínum skorðu þau á Violetu Bulc, yfirmann samgöngumála hjá Evrópusambandinu, að beita sér fyrir þessu. Telegraph segir að yfirmenn þessara fimm félaga séu vanari því að deila innbyrðis um markaðinn.

Auk þess sem þeir vilja lækka skatta vilja þeir að Evrópusambandið beiti sér fyrir því að dregið verði úr þeim skaða sem verfall flugumferðarstjóra hefur valdið og skera niður gjöld sem flugvöllir taka af flugfélögunum.

Bulc tók við hlutverki yfirmanns flugmála í nóvember.

„Við þurfum að láta í okkur heyra vegna þess að við höfum talað ólíkum röddum á liðnum árum.“

Michael O'Leary, forstjóri Ryanair

Búist er við að hún muni kynna stefnumótun í flugmálum síðar á þessu ári. Michael O'Leary, forstjóri Ryanair, segir að nauðsynlegt sé að flugfélögin láti í sér heyra í aðdragandanum að því. „Við þurfum að láta í okkur heyra vegna þess að við höfum talað ólíkum röddum á liðnum árum,“ sagði hann. O'Leary tók þó fram að flugfélögin væru ekki sam-mála í einu og öllu.

Flugfélögin ætla að stofna ný hagsmunasamtök sem hafi tekið til starfa í október og muni eiga samskipti við Evrópusambandið.

-jhh

30% AFSLÁTTUR AF DAYS SVEFNSÓFA



Days svefnsófi
áður 99.900,- **NÚ 69.930,-**

25% AFSLÁTTUR AF SUMARVÖRUM 18.-24. JÚNÍ



Buddha stytta 28cm
áður 11.990,-
NÚ 5.990,-



Lukt
áður 3.990,-
NÚ 2.993,-



Stóll
áður 29.900,-
NÚ 22.425,-



Körfustóll
áður 59.900,-
NÚ 44.925,-



Vínglös
áður 990,-
NÚ 743,-



Kanna
áður 2.990,-
NÚ 2.243,-



Mósaik borð
áður 14.990,-
NÚ 11.243,-



Lucy&Felipe
fuglabað
áður 19.990,-
NÚ 14.993,-



Audrey garðsett
Einnig til í gráu
Borð og 2 stólar
áður 35.900,- **NÚ 26.925,-**

the
PIER
GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS



Forsætisráðherra hefði átt að ræða við þjóðina:

Vannýtt tækifæri

Orð eru til alls fyrst, það er gamall sannleikur og nýr og kannski svo einfaldur í eðli sínu að oft og tíðum gleymum við honum. Það skiptir máli hvað við segjum, hvernig við segjum það og hvort við segjum það. Vissulega skipta gjörðir okkar meira máli en orð, það er að segja ef þetta tvennt stangast á, en það dregur ekki úr mikilvægi þess að tala saman. Og því að tala saman fylgir óhjákvæmilega það að hlusta. Ef aðstæður eru þannig að aðeins er talað en ekki hlustað er ekki um samtál að ræða. Þá er ekki verið að tala við einhvern, heldur yfir honum.

Kolbeinn Óttarsson Proppé

kolbeinn@frettabladid.is



Stjórnámálmenn gerðu rétt í því að muna þetta. Muna að við kjósendur erum bara fólk og flókin tjáskiptakerfi er eitt af því sem einkennir okkur mennina. Það má ganga of langt í þessa átt og halda á lofti endalausum samræðum, samræðustjórnálmum sem virðast fyrst og fremst ganga út á samræður og aftur samræður án þess að þær skili nokkru. Svona eins og lengst húsfélagsfundur sögunnar. En stjórnámál eru orðsins list og orð öðlast ekki merkingu fyrr en í hlustum heyrenda eða augum lesenda.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hélt hátíðarræðu 17. júní, eins og forsætisráðherra er siður. Í ræðu hans kvað við kunnuglegan tón, Ísland, samstaða, þjóðin, náttúran, samstaða, þjóðin, landið, við erum svo einstök, já og náttúran líka. Detti einhverjum í hug sú fáránlega iðja að leggjast yfir þjóðhátíðarræður, segjum frá 1874 til dagsins í dag, mun koma í ljós að sami tóninn er sleginn í þeim flestum ef ekki öllum. Það er eins og ræðumenn setji orð sín í þjarkinn „þjóðhátíðarræða“ og út úr því kemur lof um land og þjóð og undirstrikun sérstöðu okkar.

Sigmundur Davíð brá þó örlítið út af vananum í gær. Hann ræddi mikið um jafnréttismál og varð tíðrætt um gleðina. Við þyrftum að vera glöð. Verum nú glöð, krakkar. Nú ríður á að við séum glöð.

Þar sem ég sat í sumarþústað í Þjórsárdal og hlýddi á ræðu forsætisráðherrans míns læddist sá grunur að mér að þessari klifun á gleðinni væri ekki sist beint til mótmælenda sem slógu taktinn undir ræðu ráðherra og hrópuðu um vanhæfa ríkisstjórn. Og kannski til þeirra sem hlustuðu á; áminning um að þó þarna væri einhver reiður skrill að skemma hátíðarstundina skipti nú mestu að við værum öll glöð.

Þarna hafði Sigmundur Davíð einstakt tækifæri til að ávarpa mótmælendur, tala til þeirra, ekki yfir þeim, hlusta á hróp þeirra, ekki bara að finnast þau sandkorn í vel smurðri helgislepjumaskínu þjóðhátíðardagsins. Mótmælin áttu ekki að koma á óvart, til þeirra hafði verið boðað og um skrifað í fjölmiðlum fyrir þjóðhátíðardaginn. Sigmundur hefði því getað búið sig undir það sem kom og valið þá leið að ávarpa aðstæður en ekki hundsá þær.

Ráðamenn eiga að ráða, en góðir ráðamenn ættu að hlusta á fólk með þolinmæði og skilningi og ræða áhyggjur þess. Vandamálin hverfa ekki þó við hundsum þau.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stad2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraunu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Avocado
50%
afsláttur!

AVOCADO
FERSKT
-50%
299
ÁÐUR 598 KR/KG

nettó

Mikið úrval!

Kræsingar & kostakjör www.netto.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Æ sér gjöf...

Venju samkvæmt veitti Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, nokkrum vel völdum mönnum fálkaorðu í gær, á 17. júní. Á meðal nafntogaðra orðþega að þessu sinni voru Egill Ólafsson tónlistarmaður, Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Félags eldri borgara. Skemmtilegasta nafnið á listanum er þó án efa Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur og rithöfundur. Á meðal ágætara rita Guðjóns er Saga af forseta, sem fjallar einmitt um Ólaf Ragnar Grímsson. Og ætli forsetanum hafi ekki þótt ágætt að launa Guðjóni fyrir bókarskrifin með því að næla í hann orðu.



Unnið fyrir frí

Þegar hátíðarhöldin vegna þjóðhátíðardagsins fóru fram í gær stóðu einungis lögreglukonur heiðursvörð, en engir karlar. Stóðu þær þar undir ópum og öðru háreysti frá mótmælendum sem vildu koma skilaboðum áleiðis til æðstu ráðamanna. Eins og kunnugt er fara jafnframt fram hátíðarhöld á föstudaginn, í tilefni kvennafríðagsins. Ýmsar stofnanir og einkafyrirtæki hafa ákveðið að gefa starfandi konum frí þann daginn, til þess að fagna tímamótunum. Þó hefur ekkert spurst til þess hvort lögreglukonur fái frí þennan daginn. Gárungarnir töluðu um að ef til vill hefðu lögreglukonurnar því verið að vinna sér inn frídag í gær



með því að láta sig hafa það að standa heiðursvörðinn.

Ánægður ráðherra

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, einn þeirra er heiðursvörðurinn var staðinn um, var ánægður með það hvernig hátíðarhöldin fóru fram. Ekki er það skrytið enda má segja að ráðherrann hafi byggt pólitískan feril sinn á þjóðernisstolti. Sem er vel. Á fésbókarsíðu sinni þakkaði ráðherrann þeim sem komu að því að gera hátíðar- og menningarstundina sem best úr garði. Og hlaut alveg hreint ágætar undirtektir frá fylgjendum sínum á síðunni. jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR



Staða kvennastétta á Íslandi 2015

JAFNRÉTTI



Gyða Hrönn Einarsdóttir formaður Félags líffeindafræðinga

Ég man enn tilfinningarnar sem vöknudú þegar ég sem óharðnaður unglíngur las um það í kennslubók í Íslandssögu að konur yfir 40 ára hefðu fengið kosningarétt þann 19. júní 1915 eftir langa og stranga baráttu frá 1885. Ég man bæði eftir undrun yfir því að konur hefðu ekki haft kosningarétt og eins stolti yfir því að Ísland væri eins framarlega í jafnréttismálum og ég þóttist af þessu lesa. Konur í Sviss fengu til dæmis ekki kosningarétt fyrr en 1971 og svo vorum við líka fyrst landa til að kjósa konu sem forseta í lýðræðisríki árið 1980.

Allt þetta taldi ég merki um að konur stæðu jafnfætis körlum í íslensku þjóðfélagi, en er það svo? Í reynd er kynbundinn launamunur staðreynd á Íslandi. Óútskýrður launamunur kynjanna er 7-18% á Íslandi samkvæmt vefsíðu Jafnréttisstofu. Nú síðastliðinn laugardag voru samþykkt lög sem binda enda á verkfallsaðgerðir stórra kvennastétta í heilbrigðiskerfinu, geislafræðinga, líffeindafræðinga, ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga. Það sem meira er að í lögnum eru forsenduákvæði um gerðardóm svo skýr að komið er í veg fyrir að kvennastéttir þessar geti fengið sams konar kjarabætur og samstarfsmenn þeirra læknar fengu við gerð sinna kjarasamninga í upphafi árs 2015.

Erum við í reynd að sjá hér birtingar-

→ Og er eðlilegt að þegar þessar kvennastéttir eru ekki tilbúnar að lúta í gras og sætta sig við að störf þeirra séu verðfæld þá sé slíkri samþykkt þvingað upp á þær með lögum?

mynd feðraveldisins? Er ásættanlegt að störf kvennastétta séu markvisst metin verðminni en störf karla? Er eðlilegt í nútímaþjóðfélagi að kvennastéttir séu sviptar lögbundnum réttindum sínum til að berjast fyrir betri launakjörum? Er eðlilegt að kvennastéttum sem starfa hjá hinu opinbera sé boðin langtum minni launahækkun en aðrir opinberir starfsmenn hafa fengið? Og er eðlilegt að þegar þessar kvennastéttir eru ekki tilbúnar að lúta í gras og sætta sig við að störf þeirra séu verðfæld þá sé slíkri samþykkt þvingað upp á þær með lögum?

Ég velti því fyrir mér hvernig unglíngum framtíðarinnar muni líða þegar þeir lesa um það í kennslubókum að rétt fyrir aldarafmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi hafi kvennastéttir í kjarabaráttu verið sviptar vopnum sínum. Munu þau upplifa undrun? Stolt? Ég veit að tilfinningin sem ég finn fyrir er af allt öðrum toga.

Losun hafta: Málið leyst?

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Ríkisstjórnin hefur nú loksins lagt fram áætlun um losun gjaldeyrishafta næstum sjö árum eftir hrun. Það er léttir í ljósi forsögunnar þar eð oddvit- ar ríkisstjórnarinnar og Seðla- bankans hafa undangengin miss- eri talað út og suður um höftin.

Greinargerðir ríkisstjórnar- innar virðast bera höfundar- einkenni erlendra sérfræðinga. Mér og ýmsum öðrum var kynnt málið í bréfi frá brezkum lög- manni. Bréfið hefst á orðunum (þýðing mín): „Fyrir hönd ríkis- stjórnar Íslands er mér ánægja að kynna tvö lagafrumvörp efnahags- og fjármálaráðherra ...“

Í ensku fylgiskjölunum kemur ýmislegt fram sem oddvitum ríkisstjórnarinnar hefur ekki verið tamt að tala um. Þar segir m.a. (þýðing mín): „Banka- hrúnið á Íslandi er hið mesta sem nokkurt land hefur staðið frammi fyrir miðað við stærð hagkerfisins. ... Embætti Sér- staks saksóknara hefur ákært bankamenn vegna hrunsins í opnu og gagnsæju ferli og ... stuðlað að því að breyta við- skiptamenningunni og endur- reisa traust almennings með því að tryggja að fjármálagæirinn sé látinn sæta ábyrgð á gerðum sínum.“ Umfjöllun um ákæru- sérstaks saksóknara á hendur bankamönnum er hvergi að finna í athugasemdum við frum- varpið á Alþingi, enda væri það eins og að nefna snöru í hengds manns húsi.

Snjóhengjan

Vandinn sem við er að glíma

er vel þekktur. Það er ekki til gjaldeyrir í landinu til að leysa út krónueignir kröfuhafa þrota- þúa gömlu bankanna svo að kröfuhafarnir geti flutt fé sitt úr landi. Um þetta segir í greinar- gerð ríkisstjórnarinnar (þýðing mín): „Afleiðingar losunar hafta án viðeigandi undirbúnings yrðu gengishrun krónunnar, nær for- dæmalaus verðbólgu- og flód- bylgja gjaldþrota og efnahags- legur óstöðugleiki. ... Hreinn gjaldeyrisforði Seðlabankans er aðeins dropi í hafid borid saman við gjaldeyrisútlæðið sem vænta mátti væri höftunum aflétt án undirbúnings.“

Þetta er snjóhengjan svo nefnd sem nú er talin nema um 60% af landsframlæðslu. Til samanburðar nemur gjaldeyris- forði Seðlabankans um 25% af landsframlæðslu. Í þessu ljósi er vert að rifja það upp að aðal- efnahagsráðgjafi fjármálaráð- herra hefur á prenti mælt með afnámi gjaldeyrishafta án fyrir- varanna að framan. Hvað sem því líður felst fyrirhugaður und- irbúningur að losun haftanna í að tilkynna kröfuhöfum að þeir þurfi að skiljast við rösklega helming snjóhengjunnar fyrir árslok 2015 ella verði eignir þeirra skattlagðar að sama skapi til að aftra útstreymi gjaldeyris og gengisfalli krónunnar. Þetta er stundum kallað klipping.

Lagahlíð málsins

Líklegt hefur sýnt frá upp- hafi að einhverjir kröfuhafar myndu leita réttar síns fyrir dómstólum innan lands eða utan teldu þeir skattlagningu eigna þeirra vera sértæka frekar en almenna og fela í sér mismunun. Um þetta lyklatríði er fjallað í athugasemdum við frumvarpið á Alþingi, en ekki í ensku greinar- gerðunum. Hafi ríkisstjórnin gengið úr skugga um að þessi hætta sé úr sögunni sem virðist ólíklegt kemur það hvergi fram.

Greinargerðir ríkis- stjórnarinnar virðast bera höfundareinkenni erlendra sérfræðinga. Mér og ýmsum öðrum var kynnt málið í bréfi frá brezkum lögmanni.

Krónan nýtur ekki trausts

Ef kröfuhafar sætta sig við sinn hlut og snjóhengjan bráðnar, stendur samt sem áður eftir óleystur vandi. Vandinn er að krónan nýtur ekki almenns trausts heima fyrir eftir allt sem á undan er gengið og getur ekki heldur frekar en áður í ljósi smæðar hagkerfisins orðið gjaldgeng í alþjóðaviðskiptum. Því virðist líklegt að losun hafta leiði að öðru jöfnu til gjaldeyr- isútstreymis úr landi óháð snjó- hengjunni. Á móti þessu kunna að koma endurvakin vaxtamun- arviðskipti með því að erlend- um sparifjáreigendum verður aftur frjálst eins og fyrir hrun að leggja fé sitt inn á íslenska hávaxtareikninga. Hvorki ríkis- stjórnin né Seðlabankinn virð- ast af gögnum málsins ráðgera nauðsynlegar hraðahindranir eða annan viðbúnað til að aftra nýju hrúni, t.d. með skattlag- ningu vaxtamunarviðskipta (t.a.m. með Tobin-skatti sem kenndur er við Nóbelsverðlauna- hafann James Tobin). Við bætist að framtíðarskipan peningamála og bankamála er óráðin enn.

Í ljósi alls þessa og fyrri reynslu virðast digurbarkalegar yfirlýsingar stjórnvalda og ráð- gjafa þeirra („Við hittum tvisvar í mark með sömu byssukúlunni“ og „Efnahagsleg endurreisn Íslands verður kennd við Har- vard í framtíðinni“) ekki eiga vel við að svo stöddu. Spyrjum heldur að leikslökum.

Ljósið 10 ára

Ljósið er sjálfseignar- stofnun sem verður 10 ára á þessu ári. Ljósið er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Sem sjálfseignarstofn- un þarf Ljósið mjög á góðum styrktaraðilum að halda til að láta enda ná saman og fer mikil orka hjá félaginu í að afla fjár- magns til rekstursins.

HEILBRIGÐIS- MÁL



Jón H. Guð- mundsson
ellilífeyrisþegi og krabbameinssjúk- lingur

Þó að 10 ár séu ekki langur tími hefur Ljósið nú þegar skilað frábæru starfi fyrir krabbameinssjúklinga og reyndar fyrir samfélagið allt. Ég átti því láni að fagna fyrir nokkrum árum að vera leiddur inn fyrir þröskuldinn á Langholtsveg 43, en þar er Ljósið til húsa. Ég hafði endurgreinst vegna krabbameins í blóðruhálskirtli nokkru áður og átti mjög erfiðan tíma og hafði leitað aðstoðar, þar sem ég hélt að aðstoð væri að finna, en hafði ekki erindi sem erfiði og eftir nokkrar heimsóknir gerði ég mér engar vonir um einhverja aðstoð væri að fá hvorki þarna né annars staðar. Þetta var því aðallega til að friða konuna mína.

Þegar inn var komið var okkur tekið með mikilli alúð, og okkur boðið sæti og að þiggja kaffi- sopa. Við vorum spurð hvort ekki mætti segja okkur frá starf- semi Ljóssins og skoða húsnæðið. Þetta var allt sjálfsgagt, þar sem við höfðum ekkert annað fyrir stafni. Var skýrt út fyrir okkur

hvernig starfsemin hjá Ljósinu væri í stuttu máli og við fengum að skoða aðstöðuna hjá þeim. Ekki var þetta nóg til að ég samfærðist, enda stutt frá því að mér hafði mistekist að leita mér aðstoðar, en þannig vildi til að sama kvöld var að hefjast námskeið fyrir karl- menn með krabbamein og má segja að dagur- inn hafi farið í það að taka ákvörðun um hvort ég þyrði að mæta, en til allrar lukku lét ég verða af því og var námskeiðið mjög fróðlegt og upp- byggjandi. Var mér í framhaldi boðið að sækja fleiri námskeið, sem ég þáði, og má segja að þessi tími hjá Ljósinu hafi gjörbreytt líðan minni.

Hjá Ljósinu starfa sálfræð- ingar, hjúkrunarfræðingar, iðju- þjálfar, sjúkraþjálfarar, nær- ingarráðgjafar, markþjálfari og íþróttfræðingur. Þar fyrir utan er fjöldi fólks sem kemur að ýmsum þáttum starfsins, eins og ýmsum námskeiðum við ýmis konar handverk og sköpun. Þessi upptalning sýnir hve starfið hjá Ljósinu er fjölbreytt. Þessi breiði hópur ráðgjafa og fræðinga gerir starfið mjög markvisst, þar sem allir fá fræðslu og ráðgjöf sem hæfir hverjum og einum. Ég get borið vitni um ágæti þessa starfs hjá Ljósinu og hve skipulagt starfið er, og er ég hálfundrandi yfir því hve hægt er að ná góðum árangri með svo erfiðan sjúkdóm

→ **Hjá Ljósinu starfa sál- fræðingar, hjúkrunarfræð- ingar, iðjuþjálfar, sjúkra- þjálfarar, næringarráðgjafar, markþjálfari og íþróttfræð- ingur. Þar fyrir utan er fjöldi fólks sem kemur að ýmsum þáttum starfsins, eins og ýmsum námskeiðum við ýmiss konar handverk og sköpun. Þessi upptalning sýnir hve starfið hjá Ljósinu er fjölbreytt.**

sem krabbameinið er. Í mínu til- felli er reyndar um ólæknandi sjúkdóm að ræða, en Ljósið, eða öllu heldur hið frábæra starfsfólk þess, hefur kennt mér að lifa með sjúkdómnum og verð ég því Ljósi- nu ævinlega þakklátur.

Sem dæmi má geta þess að Ljósið hefur nú þegar útskrifað sjúklinga, sem sýnir hve starf þess er markvisst. Ég væri alveg tilbúinn að vera í þeim hópi en því miður er því ekki að heilsa í mínu tilfalli. Það hlýtur að vera ánægjulegt að geta losnað við sjúkdóminn og tekist á við lífið aftur með nýju hugarfari. Að lokum vil ég enn og aftur þakka starfsfólki Ljóssins fyrir frábært starf og óska því allra heilla í framtíðinni og að það haldi áfram að dafna og gera okkur krabba- meinssjúklingum auðveldara að lifa því lífi sem við lifum nú.



Audi A6
2.0T Avant
2007 **2.950.000** kr.



VW Passat
Comfortline 2.0 AT
2005 **1.090.000** kr.



Mitsubishi
Outlander Sport
2005 **1.250.000** kr.



Honda Accord
Type S
2006 **1.750.000** kr.



Ford Mondeo
Trend
2007 **1.440.000** kr.



Toyota
Corolla
2007 **1.320.000** kr.

- 30 Ekinn þús. km.
- Myndir á vef
- Dísil
- 4x4 Fjór hjóladrif

- ECO Metan & bensín
- A Sjálfskiptur
- H Beinskíptur
- ☺ Rafmagnsbíll

FLUTTIR

KLETTHÁLS NÝR SÝNINGASALUR

Velkomin í einn stærsta sýningarsal notaðra bíla á landinu að Kletthálsi 13. Enn betri þjónusta í enn betra umhverfi.

NOTAÐIR BÍLAR
HEKLA

Klettháls 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040



Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á greinar@visir.is og við komum henni á framfæri hið snarasta.



19. júní er hátíðisdagur

Lokað frá kl. 13 í tilefni af aldarafmæli kosningaréttar kvenna.

Í tilefni 100 ára afmælis kosningarréttar kvenna verða útibú og þjónustuver bankans lokað frá kl. 13 þann 19. júní svo starfsfólk geti tekið þátt í hátíðarhöldunum.

Önnur starfsemi bankans verður takmörkuð en hraðbankar Arion banka, netbankinn og Arion appið verða að sjálfsögðu aðgengileg viðskiptavinum.

Til hamingju með 19. júní, konur og karlar!

 Arion banki

MERKISATBURÐIR

1155 Friðrik Barbarossa er krýndur keisari Heilaga rómverska keisaradæmisins.

1264 Írski þingið kemur saman í fyrsta skipti.

1429 Franskir hermenn hafa betur í baráttu við Englendinga í orrustunni um Patay. Englendingar eru á undanhaldi eftir umsátrið um Orleans.

1815 Frakkar, undir stjórn Napóleons, tapa orrustunni við Waterloo gegn herliði Breta.

1873 Kvenréttindabaráttukonan Susan B. Anthony er sektuð fyrir að hafa reynt að kjósa í bandarísku forsetakosningunum árið áður.

1928 Flugvél Roalds Amundsen hverfur yfir Barentshafi. Amundsen sést aldrei aftur.

1936 Kristján tíundi, konungur Íslands og Danmerkur, kemur til landsins.

1944 Hátíðarhöld eru í Reykjavík í tilefni af stofnun lýðveldisins.

1972 Togarinn Hamranes ferst út af Snæfellsnesi.

1972 Farþegaflugvél frá Heathrow-flugvelli við Lundúnir á leið til Brussel ferst skömmu eftir flugtak. 118 láta lífið.

1979 Jimmy Carter Bandaríkjaforseti og Leoníd Brésnef, leiðtogi Sovétríkjanna, skrifa undir Salt II, fyrsta afvopnunarþingningu stórveldanna.

1983 Sally Ride verður fyrsta bandaríska konan til að fara út í geim.

1996 Bandaríski fjöldamorðinginn Ted Kaczynski er ákærður fyrir morð.

2009 Danir eftirláta Grænlandingum stjórn yfir lagasetningu, dómstólum og náttúruauðindum.



ÞETTA GERÐIST 18. JÚNÍ 2009

Fyrsti Icesave-samningurinn opinberaður

Fyrsti Icesave-samningurinn var gerður opinber þennan mánaðardag fyrir sex árum. Samningurinn mætti mikilli andstöðu á þingi af hálfu stjórnarandstöðunnar sem þá samanstóð af Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki og Borgarahreyfingunni.

„Frú forseti. Frá því að ríkisstjórnin kynnti áform um Icesave-samningana á þann hátt að samningurinn væri góður – mjög góður, sögðu sumir, og jafnvel stórglæsilegur – hefur komið á daginn að allt það sem stjórnin hafði fram að færa sem rök fyrir því að þetta væri góður

samningur, eðlileg og æskileg niðurstaða, hefur reynt rangt,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, til dæmis um samninginn.

„Staðan er einfaldlega þannig að í þessari erfiðu og þröngu stöðu sem við Íslendingar erum í tel ég að við þessar aðstæður hafi verið rétt að ganga til samninga á þeim forsendum sem er að finna í samningnum,“ sagði Össur Skarphéðinsson, þáverandi utanríkisráðherra, um samninginn.

- þea



AFMÆLISBARN Kristbjörg er í Valencia með fjölskyldu sinni þar sem hún ætlar að fagna áttæðisafmæli sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það verður voða gaman að vera í Valencia

Kristbjörg Kjeld fagnar áttæðisafmæli sínu í dag. Kristbjörg er stödd í spænsku borginni Valencia með fjölskyldunni og ætlar að fagna afmælinu sínu í sólinni.

Kristbjörg Kjeld leikkona fagnar átta-tíu ára afmæli sínu í dag en hún fæddist í Reykjavík þann 18. júní 1935.

Afmælinu fagnar Kristbjörg í spænsku borginni Valencia sem er jafnframt höfuðborg samnefnds héraðs. Með Kristbjörgu í Valencia er fjölskylda hennar.

„Valencia finnst mér vera einstaklega falleg borg og svo erum við þarna með gott hús og getum ferðast um ef við viljum. Svo getum við auðvitað verið í sólbaði á ströndinni og verið í sundlauginni við húsið,“ segir Kristbjörg þegar hún er spurð að því hvers vegna borgin hafi orðið fyrir valinu.

„Það á bara að taka því rólega og hafa það gott. Þetta verður voða

gaman,“ segir hún um áform fjölskyldunnar í sólarlandaferðinni.

Kristbjörg er ein ástsælasta leikkona þjóðarinnar og hefur heillað þjóðina í rúma hálfu öld, allt frá því hún lék í sinni fyrstu kvikmynd, 79 af stöðinni.

Auk þess að leika í kvikmyndum á borð við Kristnihald undir Jökli, Mávahlátur, Hafíð og Mamma Gógó hefur Kristbjörg leikið bæði í Borgar-leikhúsinu og Þjóðleikhúsinu auk þess að hafa leikstýrt sýningum.

Þessa dagana leikur hún í Er ekki nóg að elska?, leikriti Birgis Sigurðssonar í Borgarleikhúsinu. Birgir hefur áður skrifað verk á borð við Dag vonar.

Kristbjörg hlaut heiðursverðlaun

„Það á bara að taka því rólega og hafa það gott. Þetta verður voða gaman.“

Kristbjörg Kjeld, leikkona

Leiklistarsambands Íslands á Grím- unni árið 2004 fyrir framúrskarandi ævistarf í þágu sviðslistar á Íslandi.

Til viðbótar við heiðursverðlaunin hefur Kristbjörg hlotið meðal annars leiklistarverðlaun Grímunnar, Edduverðlaun fyrir kvikmyndaleik og titilinn heiðurslistamaður Reykjavíkurborgar.

thorgnyr@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir, amma og langamma,

JÓHANNA P. AÐALSTEINSDÓTTIR
Orihuela Costa Alicante,

lést 31. maí. Útförin fer fram í Bústaðakirkju föstudaginn 19. júní kl. 13.00.



Valdimar Jóhannsson

Aðalheiður Gylfadóttir
Magnea Gylfadóttir
Soffía Valdimarsdóttir
Jóhann Valdimarsson

Ásgeir Ólafsson
Hörður Einarsson
Davíð Guðmundsson

og afkomendur.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SVANDÍS JÓHANNSDÓTTIR
frá Háafelli, Drangsnesi,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Silfurtúni í Búðardal 10. júní sl., verður jarðsöngin frá Drangsneskapellu laugardaginn 20. júní kl. 12.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Björgunarsveitina Björg á Drangsnesi, reiknir. 0316-26-265, kt. 711090-2079.



Haukur Torfason

Ása María Hauksdóttir
Guðbjörg Hauksdóttir

Pétur J. Óskarsson
Óskar A. Torfason

ömmu- og langömmubörn.



Elskuleg systir okkar og mágkona,

KATRÍN SIGRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR
frá Hemru í Skaftártungu,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 14. júní sl. Útförin fer fram frá Grensáskirkju í Reykjavík mánudaginn 22. júní nk. kl. 11.00. Bænastund og jarðsetning frá Grafarkirkju í Skaftártungu kl. 17.00. sama dag.



Pórir Páll Guðjónsson
Kristín Guðjónsdóttir
Brynrun Bára Guðjónsdóttir

Helga Karlsdóttir
Rúnar Viktorsson



Lífsins ljós, einstök eiginkona, móðir, dóttir, systir, frænka, tengdadóttir, vinur og snillingur ymissa kúnsta,

HULDA HREIÐARSÓTTIR
Efstasundi 81, Reykjavík,

varð bráðkvödd á heimili sínu föstudaginn 5. júní. Útför fer fram frá Fossvogskirkju, föstudaginn 19. júní kl. 13.00.




Halldór Hrafn Jónsson
Ólafur Hrafn, Hreiðar Hrafn og Heiða Björk foreldrar og systkin.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Roðhnappar
Íslenskar mæðgur
gera lítrika hnappa
úr íslensku roði.
SÍÐA 4



Ungir læra að sauma
Margrét Reykjalín
Prastardóttir dreif sig á
saumanámskeið í Tækni-
skóla unga fólksins.
SÍÐA 6

TÆKIFÆRISGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum



iittala
10% afsláttur

Tékk
KRISTALL

www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Vinsælu Modest buxurnar
komnar
aftur



7 litir
Stærðir
36-50
Tvær síddir

Verð
9.980 kr.

hjá Grafhildi

Engjateigi 5 • Sími 581 2141



ÚTSJÓNARSÖM Afgreiðsluborðið er búið til úr gömlu sófaborði.

MYND/AUÐUNN NÍLSSON

GÖMUL SÓFABORÐ ÖÐLAST NÝTT LÍF

SKÖPUNARKRAFTUR Gullsmiðurinn Júlía Prastardóttir opnaði sína fyrstu verslun á mánudag. Hún hefur hannað undir nafninu Djulsdesign um nokkurra ára skeið og er hönnunin undir sterkum áhrifum frá íslenska víravirkinu.

Júlía Prastardóttir hefur hannað undir merkinu Djulsdesign um nokkurra ára skeið og tilheyrir hópi hönnuða sem reka verslunina Jöklu á Laugavegi. Í byrjun vikunnar steig hún það skref að opna verslun og verkstæði undir eigin nafni á Akureyri, þar sem hún er fædd og uppalin. Verslunin er til húsa að Strandgötu 11 á Akureyri. Til að reyna að halda í við kostnaðinn ákvað Júlía, sem býr svo vel að vera gift húsa- og rennismiði, að fara nýstárlega leið við að koma sér upp búðarborði og sýningarskápum. „Ég fékk þá hugmynd að saga sófaborð í tvennt eftir endilöngu og setja þau ofan á hvort annað. Maðurinn

minn, Þorsteinn Björgvin Aðalsteinsson, fræsti svo lógóíð út í plötu sem hann setti á milli og úr varð hið fínasta afgreiðsluborð. Hann bjó svo til sýningarskápa með svipuðum hætti en allur efniviðurinn var keyptur í Góða hirðinum, hjá Fjölsmiðjunni og á nytjamerkuðum.“

Júlía á von á því að nýja aðstaðan gefi henni byr undir báða vængi. „Núna fyrst kemst ég á flug,“ segir hún og hlær en hún hefur meðal annars fengist við að smíða víravirki fyrir íslenska upplutinn og verið afkastamikil í framleiðslu skartgripa sem kallast á við það.

Meðal nýjunga er hálsmenið Hraunberar eða ▶



Vélorf

Mikið úrval vélorfa - bensínmotor, rafmotor eða rafhlöðudrífín -

PÓR

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Opnunartími:
Opíð alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar



Græjurnar í garðinn færðu hjá okkur.



Smart föt, fyrir smart konur
Netverslun á tiskuhus.is

My Style tiskuhús

Stærðir 38-52

mystyle f

Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464

Útsala hafin!
Frábær tilboð á Útsölu



B/A/S/L/E/R MaxMara MARINA RINALDI

B/A/S/L/E/R Parisar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan



REIKNADU DÆMIÐ á 365.is

